**TÓMAS TÓMASSON**
*Á sér uppáhaldsrétt sem þykir furðulegur*
• matur • helgin
**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**VALGERÐUR GUÐNADÓTTIR**
*Allt er þegar þrennt er*
FÖSTUDAGUR FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG






# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. september 2008 — 241. tölublað — 8. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000

## FÖSTUDAGUR

### Veisla og flugeldasýning



Björgunarsveitin Blakkur á Patreksfirði stendur fyrir veglegri veislu og vígslu á nýju húsnæði í tilefni af 40 ára afmæli sveitarinnar.

TÍMAMÓT 22

### Maddid ein á sviði

Einleikurinn Maddid er í stöðugri þróun og hefur breyst mikið frá því að hann var frumsýndur.

MENNING 28

### Organ lokað



Inga Sólveig Friðjónsdóttir er ekki ánægð með aðdraganda lokunar á tónleikastaðnum Organ.

FÓLK 42



### Stórsigur í fyrsta leik

Kvennalið Vals byrjaði frábærlega í Evrópukeppninni í gær.

ÍÞRÓTTIR 38

## VEÐRIÐ Í DAG




**Bjartviðri** Í dag verða suðvestan 3-8 m/s. Yfirleitt bjart veður, síst þó reyndar vestan og norðvestan til. Hætt við lítilsháttar súld allra vestast. Hiti 7-13 stig.

VEÐUR 4



**NÝNEMAR TEKNIR Í HÓPINN** Busar í Menntaskólanum í Reykjavík fengu hefðbundna tolleringu í tilefni komu þeirra í skólann. Að vanda prýddust eldri nemar hvítum skikkjum samkvæmt áratugagamalli hefð þessa fyrsta menntaskóla þjóðarinnar.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Gera kostakaup á dýrum eðalvínum

**Erlendir vínsafnarar koma hingað til lands til að kaupa eðalvín á góðum kjörum. Útsöluverð hér á landi lágt. Dýr koníaksflaska 150 þúsund krónum ódýrari.**

**VERSLUN** „Í okkar verslanir koma útlendingar sem hafa greinilega þekkingu á vínum og sjá að hér leynast fágæt vín sem eru töluvert dýrari í þeirra heimalandi,“ segir Skúli Magnússon, sérfræðingur hjá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Töluvert hefur verið um að erlendir vínsafnarar komi hingað til lands til að kaupa gæðavín.

Ástæðan er, að sögn Skúla, sú að vín hérlendis eru verðlögð eftir styrkleika en ekki gæðum. Fyrir vikið er oft hægt að fá góð vín fyrir lítinn pening. Sem dæmi má nefna að dýrasta flaskan af Frapin-koníaki í ÁTVR kostar 300 þúsund krónur en 450 þúsund ytra.

Eftirsóttustu vínin eru frá Bordeaux-héraðinu í Frakklandi sem og vín frá Búrgúndí. „Frægustu Chateau-vínin frá Bordeaux halda verðgildi sínu og hafa þótt mjög traust fjárfesting, vaxa tryggilega og skila betri ávöxtun en hlutabréf,“ segir Skúli.

Svo virðist sem landsmenn séu ekki alveg jafn meðvitaðir um þessa staðreynd.

Einar Thoroddsen vínsafnari segir íslenska safnara þó lengi hafa vitað að verð á fínum vínum sé lægra hér á landi. „Með aukinni vínþekkingu vita söluaðilar hér betur hvað þeir hafa í höndunum og þannig hefur tekist að smyrja á góðu vínin líka. Þó er enn hægt að gera þrælgóð kaup á söfnunarvínum.“ - þlg / sjá Allt í miðju blaðsins

Fundur borgarráðs í gær:

## Áhöld um hæfi Guðlaugs G.

**REYKJAVÍK** Guðlaugur G. Sverrisson, nýr formaður Orkuveitu Reykjavíkur, sat í gær fund borgarráðs sem varamaður Óskars Bergssonar, formanns borgarráðs.

Aðalmenn í ráðinu þurfa að vera kjörnir borgarfulltrúar, en ekki er tilgreint um hæfisskilyrði varamanna í samþykktum borgarinnar.

Samfylking og VG hafa spurst fyrir um hæfi Guðlaugs, sem var í 14. sæti á lista Framsóknar, og hvort hann geti setið í borgarráði.

Í svari skrifstofustjóra borgarstjórnar í gær kom fram að vafamál væri hversu ströng skilyrði væru gerð til varamanna. Færa mætti rök fyrir því að varamaðurinn þyrfti að vera í það minnsta varaborgarfulltrúi. Hins vegar væri þetta ekki nægilega skýrt í samþykkt um stjórn borgarinnar.

„Þetta er mjög óheppilegt mál, því sé óvissa um hæfi fulltrúa borgarráðs skapast einnig óvissa um þær ákvarðanir sem hann tekur,“ segir Dagur B. Eggertsson, fulltrúi Samfylkingar.

Málið verður tekið upp á vettvangi forsætisnefndar. - kóþ

Metsala í Borgarleikhúsi:

## Ný áskriftarkort gera lukku

**FÓLK** Sala á áskriftarkortum í Borgarleikhúsið hefur gengið gríðarlega vel. „Salan hefur aldrei verið meiri. Við erum búin að selja þrisvar sinnum fleiri kort á síðustu tæpum tveimur vikum en á öllu árinu í fyrra,“ segir Magnús Geir Þórðarson leikhússtjóri.

Hann er að vonum ánægður með undirtektirnar, en sú nýbreytni er nú hjá leikhúsinu að fólk fær ráðið öllum fjórum áskriftarsýningunum.

Magnús segir ungum áskrifendum einnig fjölga, en með aðstoð Spron býður leikhúsið námsmönnum og fólki undir 25 ára aldri áskriftarkort á fjórar sýningar á hálfvirði. - sun / sjá síðu 42

OPIÐ
til 20
alla daga
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Skipulagsráð Reykjavíkur samþykkir deiliskipulagsbreytingar á Vegamótastíg 9:

# Eldra hús verði turn á því nýja

**SKIPULAGSMÁL** „Það var niðurstaða ráðsins að þetta myndi falla vel inn í umhverfið og væri skemmtilegur og broslegur arkitektúr,“ segir Júlíus Vífill Ingvarsson, formaður skipulagsráðs, um deiliskipulagsbreytingu fyrir Vegamótastíg 9 sem skipulagsráð samþykkti á fundi sínum á miðvikudaginn.

Tillagan gerir ráð fyrir þriggja hæða nýbyggingu með kjallara við Vegamótastíg 9. Þá verður eldra hús, sem nú stendur á lóðinni alveg endurbyggt sem turn ofan á húsinu.

„Þetta er pínulítill brandari en það er ekki hægt að segja sömu brandarana mjög oft,“ segir Júlíus Vífill spurður hvort hann sjái fyrir sér sambærilegar útfærslur á eldri húsum í miðbænum. - ovd



**VEGAMÓTASTÍGUR 9** Húsið stendur á bak við bókabúð Máls og menningar.






**SPURNING DAGSINS**



*Ólafur, eru leikmenn landsliðsins í því að láta sig falla?*

„Fall er fararheill!“

Íslenska karlalandsliðið í knattspyrnu féll niður um tíu sæti á nýjum styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins. Ólafur Jóhannesson er þjálfari liðsins.

Samningafundur ljósmæðra og ríkisins reyndist árangurslítill í gær:

# Stál í stál að mati ljósmæðra

**HEILBRIGÐISMÁL** Samningafundur ljósmæðra og samninganefndar ríkisins reyndist árangurslítill í gær. „Þetta var stál í stál,“ segir Guðlaug Einarsdóttir, formaður Ljósmæðrafélagsins. „Það er alltaf gott þegar fólk talar saman en við erum engu nær samningum.“ Næsti fundur hefur verið boðaður á þriðjudaginn.

Á samningafundinum í gær var rætt um útfærslu á eldri tilboðum. Ljósmæður hafi lýst yfir að þær séu tilbúnar til að ræða kjarasamning til lengri tíma „en ég held að það fái engan hljómgrunn,“ segir hún.

Starfsemin gekk vel á fæðingardeild Landspítalans fyrsta sólarhringinn í verkfallinu. Fyrrinótt var róleg framan af, eitt barn fæddist fljótlega eftir miðnætti og annað síðar um nóttina. Um kvöldmatarleytið í gær höfðu samtals átta börn fæðst á Landspítalanum í verkfallinu.

Rannveig Rúnarsdóttir sviðsstjóri segir að allir hafi unnið sín verk og reynt að tryggja að konurnar fengju góða þjónustu. Verkfalli ljósmæðra lýkur á miðnætti. Nýtt tveggja sólarhringa verkfall hefur verið boðað á miðvikudagskvöldið.

Hægt er að fá upplýsingar um hvert á að leita í verkfallinu í síma 571 0000. - ghs



**LJÓSMÆÐUR** Samningafundur ljósmæðra og ríkisins reyndist árangurslítill í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Erlend lántaka ríkissjóðs:

# Verður 300 milljónir evra

**EFNAHAGSMÁL** Erlent lán ríkissjóðs, sem forsætisráðherra tilkynnti um á Alþingi í byrjun vikunnar, verður 300 milljónir evra, eða sem nemur um 37 milljarðar króna.

Forsætisráðherra sagði á Alþingi á þriðjudag að lán til að styrkja gjaldeyrisforðann yrði að minnsta kosti 250 milljónir evra. Kjörin á láninu væru betri en sem næmi svonefndu skuldatryggingarálagi ríkisins, sem þá nam um tveimur og hálfu prósenti.

Eftir því sem næst verður komist er lánið sambankalán en stjórnvöld vilja ekki upplýsa frekar um kjör lánsins. - ikh



**SKAGAMENN** Gulir og glaðir.

ÍA-menn vilja ekki bláan lit:

# Segja gulan lit vera auðlind

**SVEITARSTJÓRNIR Sturlaugur Sturlaugsson, formaður ÍA, segir í bréfi til bæjaryfirvalda á Akranesi að guli liturinn á búningum félagsins sé samfélagsleg auðlind. Litinn beri að nýta að minnsta kosti á íþróttamannvirki bæjarins og á íþróttafatnaði ÍA. Bæjaryfirvöld voru á dögunum komin á fremsta hlunn með að samþykkja tillögu arkitekts um bláan lit á íþróttamannvirkjum bæjarins á Jaðarsbökkum. Sturlaugur bendir á að rekstrarnefnd mannvirkja hafi samþykkt gulan lit og bæjaráðið hefur nú ákveðið að skipa þrjá bæjarfulltrúa í nefnd sem velja skal lit á eignir Akraneskaupstaðar við Jaðarsbakka.** - gar

**SLYS**

### Drengur hljóp á rúðu

Lítill drengur meiddist nokkuð á munni og nefi þegar hann hljóp á rúðu við hlið annars inngangs Skífunnar í Kringlunni fyrir hádegi í gær. Engin merki voru á rúðunni til aðvörunar en öryggisvörður á staðnum sagði að það yrði lagfært.

# Segir grannkonuna hafa bjargað sér

**Ung kona sem þjáðist af svo alvarlegu þunglyndi að hún gat hvorki sinnt börnum sínum né stundað vinnu fékk óvænta hjálp frá nágrannakonu sinni. Það bjargaði mér að eiga nágranna sem stóð ekki á sama um mig, segir konan.**

**FÉLAGSMÁL** Margrét Unnur Þórarinsdóttir áttaði sig ekki á því hvað hrjáði hana þegar hún hætti að treysta sér út fyrir hússins dyr og sinnti börnunum sínum tveimur ekki eins vel og hún vildi. Nágrannakona hennar, Berglind Þráinsdóttir, varð vör við þessar breytingar og fann til með börnunum sem og nágrannakonu sinni. Í stað þess að hneykslast yfir tekjulausri konunni og senda börnum hennar gæskufullt augnaráð á göngum hússins ákvað hún að reyna að verða að liði.

„Ég held að það hafi bjargað mér að eiga nágranna sem stóð ekki á sama um mig,“ segir Margrét en í ljós kom að hún þjáðist af alvarlegu þunglyndi. Hún er nýlega komin af geðdeild og er að stíga fyrstu skrefin til bata.

Berglind segir gæsku ekki hafa ráðið gerðum sínum heldur hafi henni ofboðið sinnuleysi velferðarkerfisins og þess öryggisnets sem það eigi að veita fólki í veikindum. Um langt skeið hafi Margrét verið algerlega tekjulaus og mál hennar velkst á blöðum lækna og stofnanna. Hún hafi séð að einhver yrði að reyna að koma Margréti til aðstoðar ef ekki ætti illa að fara. Þessi samskipti hafi svo orðið til þess að vinátta á milli þeirra óx og styrktist.

„Í sumar ofbauð mér ástandið samt þegar Margrét var alveg hætt að fara á fætur og sá að eitthvað meira þyrfti til en venjulegar læknisheimsóknir,“ segir Berglind en hún hafði samband við geðdeild Landspítalans. Margrét var lögð inn og segir Berglind að læknum þar hafi þótt sæta furðu að læknir Margrétar hefði ekki séð til þess að hún fengi meiri hjálp miklu fyrr. Einnig segir Berglind að sér þyki undarlegt að það hafi tekið kerfið um ár að afgreiða beiðni Margrétar um endurhæfingarlífeyri. Óskertur endurhæfingarlífeyrir er 25.700 krónur á mánuði og er heimilt að greiða hann til fólks, þegar ekki verður séð hver varanleg örorka verður eftir sjúkdóma eða slys, í allt að eitt ár. Berglind segir að þó að upphæðin sé ekki há hefði hún komið vinkonu sinni mjög vel í veikindunum og forðað henni frá skuldsetningu.



**GÓÐAR GRANNKONUR** Í stað þess að hneykslast og slúðra um furðulegu nágrannakonuna sem skyndilega hætti að vinna og sinna börnum sínum jafn vel og áður ákvað Berglind (t.v.) að reyna að verða að liði. Margrét (t.h) er nú að stíga fyrstu skrefin til bata og líður henni og börnum hennar Jóhönnu og Mikael mun betur en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Margrét segir veruna á geðdeildinni hafa hjálpað sér mikið og börnum sín líði mun betur nú en áður. Enn sem komið er treysti hún sér ekki til vinnu vegna þess hve miklum ofsakvíða hún fyllist á meðal fólks. Hún ætli að stíga skrefin til bata og fullrar samfélagsþátttöku hægt en örugglega. Hún hefur nú hafið nám við Hringsjá, en það er náms- og starfsendurhæfing fyrir fólk sem vill komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir hlé vegna sjúkdóma, slysa eða annarra áfalla.

karen@frettabladid.is

Starfshópur um siðareglur:

# Regluvörður gæti aðstoðað

**REYKJAVÍK Meðal hugmynda sem uppi eru um siðareglur kjörinna borgarfulltrúa er hvort skipa skuli sérstakan regluvörð, sem aðstoði borgarfulltrúa í siðferðilegum álitamálum.**

**„Hann gæti sagt mönnum hvað rúmist innan reglnanna og hvað varði við þær,“ segir Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingar.**

**Regluvörður geti þannig verið nytsamur við ákvarðanatöku, en einnig þegar álitamál komi upp opinberlega. Hann kunni þá að vera farvegur fyrir áhyggjur manna og skorið úr um athæfi fulltrúa, og komið í veg fyrir að þeir séu ásakaðir að ósekju.** - kóp

Borgarráð fjallar um laxveiði:

# Orð Vilhjálms duga Hönnu

**REYKJAVÍK** Borgarstjóri segir að fram hafi komið í máli Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar að hann hafi farið í laxveiði í boði vinar síns og að honum hafi ekki verið ljós aðkoma Baugs að Miðfjarðará. Miðað við þau svör megi ljóst vera að hann hafi ekki brotið gegn reglum borgarinnar.

Þetta segir Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri. Hún hafði verið spurð af Samfylkingu og Vinstri grænum hvort hún hefði kannað málavexti þess að þáverandi borgarstjóri, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, hefði verið í laxveiðiferð með Birni Inga Hrafnssyni, þá formanni borgarráðs, Guðlaugi Þór Þórðarsyni heilbrigðisráðherra og Hauki Leóssyni, þá formanni stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

Haukur mun hafa fengið veiðileyfin á góðu verði hjá Baugi, en áin var þá í leigu fyrirtækisins. Stefán Hilmarsson, fjármálastjóri Baugs, var með í för. - kóp




Hugmyndir Breiðavíkursamtakanna um bótafjárhæð fjarri frumvarpsdrögunum:

# Í samræmi við íslenskt réttarfar

**SAMFÉLAGSMÁL** Í frumvarpsdrögum um bætur til fyrrum vistmanna á Breiðavíkurheimilinu er leitast við að setja fram reglur sem tryggi að þeir sem orðið hafa fyrir varanlegu tjóni vegna vistunar hljóti sanngjarnar bætur í samræmi við bótafjárhæðir á skyldum sviðum íslensks réttar.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu forsætisráðuneytisins vegna umfjöllunar um bætur til fyrrverandi vistmanna á Breiðavíkurheimilinu. Þar segir að ljóst sé að hugmyndir Breiðavíkursamtakanna um bótafjárhæðir séu fjarri því sem frumvarpið geri ráð fyrir.

Þá segir í yfirlýsingunni að drög að umræddu frumvarpi hafi verið til meðferðar í forsætisráðuneytinu frá því á síðastliðnu vori. Það hafi ekki verið lögð fyrir ríkisstjórn né þingflokka hennar og þar af leiðandi ekki heldur fyrir Alþingi.

Í yfirlýsingu sem Breiðavíkursamtökin sendu frá sér í gær segir að á fundi með stjórnarmönnum samtakanna og lögmanni þeirra hinn 11. ágúst hafi Páll Þórhallsson, lögfræðingur forsætisráðuneytisins, sagt að frumvarpsdrög hefðu verið kynnt í ríkisstjórn og samþykkt þar. Yfirlýsing ráðuneytisins sé því í andstöðu við þetta ótvíræða svar Páls.



**BREIÐAVÍK** Breiðavíkursamtökin harma framgöngu ráðuneytisins og hvetja forsætisráðherra til að „koma böndum á framgöngu sinna manna“.

Breiðavíkursamtökin harma framgöngu ráðuneytisins í málinu og hvetja forsætisráðherra til að „koma böndum á framgöngu sinna manna“. Þau hafi engan áhuga á að munnhöggvast við ráðuneytið um atriði sem lúti ekki að kjarna málsins, sem felist ekki síst í brotum stjórnvalda gagnvart börnum og foreldrum þeirra. - ovd




# Frumsýnt í Borgarleikhúsinu í kvöld!

## 20 sýningar UPPSELDAR

Mesta forsala fyrr og síðar hérlendis!

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Fös. 05/09 | kl 20.00 | UPPSELT | Lau. 20/09 | kl 19.00 | UPPSELT |
| Lau. 06/09 | kl 19.00 | UPPSELT | Lau. 20/09 | kl 22.30 | AUKASÝNING |
| Sun. 07/09 | kl 20.00 | UPPSELT | Fim. 25/09 | kl 20.00 | UPPSELT |
| Þri. 09/09 | kl 20.00 | UPPSELT | Fös. 26/09 | kl 19.00 | UPPSELT |
| Mið. 10/09 | kl 20.00 | UPPSELT | Fös. 26/09 | kl 22.00 | AUKASÝNING |
| Fös. 12/09 | kl 19.00 | UPPSELT | Lau. 27/09 | kl 19.00 | UPPSELT |
| Fös. 12/09 | kl 22.00 | AUKASÝNING | Lau. 27/09 | kl 22.00 | UPPSELT |
| Lau. 13/09 | kl 19.00 | UPPSELT | Fim. 02/10 | kl 20.00 | UPPSELT |
| Lau. 13/09 | kl 22.00 | AUKASÝNING | Fös. 03/10 | kl 19.00 | UPPSELT |
| Sun. 14/09 | kl 20.00 | UPPSELT | Fös. 03/10 | kl 22.00 | UPPSELT |
| Fim. 18/09 | kl 20.00 | UPPSELT | Lau. 04/10 | kl 19.00 | UPPSELT |
| Fös. 19/09 | kl 19.00 | UPPSELT | Lau. 04/10 | kl 22.00 | UPPSELT |



Áhorfendasýning ársins

**Ert þú búinn að tryggja þér miða á nýjar aukasýningar?**

Nú fá allir sér áskriftarkort í Borgarleikhúsið

Þú getur valið Fló á skinni sem kortasýningu í áskriftarkorti Borgarleikhússins. Veldu fjórar sýningar af glæsilegri dagskrá leikhússins í vetur á aðeins 8.900 kr. Ungt fólk og námsmenn fá kortið á hálfvirði með rausnarlegum stuðningi SPRON.

Sett upp í Reykjavík í samstarfi við

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

Orkuveita Reykjavíkur

Miðasala er í síma **568 8000**
og á **borgarleikhus.is**

Borgarleikhúsið

## GENGIÐ 04.09.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 85,01 | 85,41 |
| Sterlingspund | 151,24 | 151,98 |
| Evra | 123,02 | 123,7 |
| Dönsk króna | 16,497 | 16,593 |
| Norsk króna | 15,331 | 15,421 |
| Sænsk króna | 12,962 | 13,038 |
| Japanskt jen | 0,7838 | 0,7884 |
| SDR | 132,2 | 132,98 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

160,9912

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hver fellibylurinn á fætur öðrum stefnir nú í áttina að Bandaríkjunum:

# Tugir manna létust á Haíti

**BANDARÍKIN, AP** Fellibylurinn Hanna varð sextíu manns að bana á Haítí aðfaranótt fimmtudags og tugir manna féllu í valinn á Bahamaeyjum. Hanna stefnir nú í áttina til austurstrandar Bandaríkjanna og hafa íbúar í Suður- og Norður-Karólínu verið beðnir um að gera sig klára fyrir átökin. Þá bíður næsti bylur, Ike, ekki langt undan og virðist enn öflugri. Hann gæti valdið verulegum usla á Flórída innan fárra daga.

Fellibylurinn Gústav, sem fór yfir New Orleans um helgina, gerði minni usla þar en óttast var fyrir fram. Þar eru íbúar byrjaðir að snúa aftur heim eftir að hafa yfirgefið borgina vegna Gústavs.

Milljónir íbúðarhúsa og fyrirtækja voru þó enn rafmagnslaus og getur það tekið allt að mánuð að koma rafmagni á alls staðar.



**EYÐILEGGING Á KÚBU** Þessir Kúbverjar settust að dómínóspili innan um fallin tré þegar Hanna var farin hjá. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

George W. Bush Bandaríkjaforseti kom í gær aftur til New Orleans í gær, og virtist staðráðinn í að tryggja að mistökin frá 2005 endurtækju sig ekki. Þá urðu slæleg viðbrögð stjórnvalda við fellibylnum Katrínu til þess að tjónið varð mun meira en verða þurfti. - gb

## NÖFN FELLIBYLJA

Veðurfræðingar í Bandaríkjunum hafa lengi gefið fellibyljum nöfn til þess að auðvelda sér að greina á milli þeirra, enda eru stundum fleiri en einn fellibylur á ferðinni á sama tíma. Áður fyrr voru einungis karlmannsnöfn notuð, en í seinni tíð eru karlmanns- og kvenmannsnöfn notuð til skiptis. Nöfnin eru gefin í stafrófsröð, og fékk fyrsti fellibylur ársins 2008 nafnið Arthur en nú síðast hafa þau komið í röð, Gustav, Hanna og svo Ike. Sá næsti fær svo nafnið Josephine. Sömu nöfnin eru notuð aftur á fjögurra ára fresti, nema hvað nöfn þeirra fellibylja sem reynast sérlega illskeyttir og mannskæðir eru tekin úr notkun.

# Óljóst hvort boranir falla undir úrskurð

**Ekkert í úrskurði um heildstætt umhverfismat útilokar rannsóknir segir umhverfisráðuneytið, sem telur framkvæmdaaðila misskilja úrskurðinn. Samorka er ósammála og mun leita til dómstóla til að láta reyna á réttmæti úrskurðarins.**

**ORKUMÁL** „Það er ekkert í úrskurði umhverfisráðherra sem segir til um að frekari rannsóknir geti ekki farið fram á háhitasvæðunum í Þingeyjarsýslu áður en heildarmatáumhverfisáhrifum liggur fyrir,“ segir Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóriumhverfisráðuneytisins.



**MAGNÚS JÓHANNESSON**

Stjórn Samorku ályktaði í gær að stæði úrskurður umhverfisráðherra óhaggaður, og féllu rannsóknaboranir undir hann, yrðu dómstólar látnir skera úr um lögmæti hans. Skilningur samtakanna er að boranir falli undir úrskurðinn.

Í tölvubréfi til Fréttablaðsins vegna forsíðufréttar í gær, þar sem sagt var að orð Össurar Skarphéðinssonar iðnaðarráðherra á Alþingi í gær gengju þvert á úrskurð umhverfisráðherra um sameiginlegt umhverfismat vegna álvers á Bakka við Húsavík, vill Magnús taka eftirfarandi fram: „Það er ekkert í úrskurði ráðuneytisins um sameiginlagt mat á fjórum framkvæmdum, Þeistareykjavirkjun, stækkun Kröfluvirkjunar, háspennulínu frá Kröflu að Þeistareykjum og álveri á Bakka við Húsavík, sem útilokar að mati ráðuneytisins að frekari rannsóknir vegna framkvæmdanna fari fram áður en gengið er frá sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum þeirra. Skipulagsstofnun er nú eins og lög gera ráð fyrir í viðræðum við framkvæmdaaðila um frekari rannsóknir, undirbúning og framkvæmd hins sameiginlega mats.“



**FRÁ ÞEISTAREYKJUM** Rannsóknaboranir vegna Þeistareykjavirkjunar eru í óvissu vegna ólíks skilnings stjórnvalda og framkvæmdaaðila á úrskurði um heildstætt umhverfismat. FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja, ályktaði í gær vegna úrskurðar umhverfisráðherra. Stjórnin telur úrskurðinn afar íþyngjandi og standi hann telji stjórnin nauðsynlegt að láta reyna á réttmæti hans fyrir dómstólum, vegna framtíðarhagsmuna orkuiðnaðarins.

Franz Árnason, formaður Samorku, segir að samtökin hafi ekkert heyrt frá umhverfisráðuneytinu sem taki af allan vafa um að boranirnar falli undir úrskurðinn. „Meðan við fáum ekki aðra niðurstöðu óttumst við að þetta sé svona en vonum að málið sé vaxið eins og iðnaðarráðherra segir.“

Magnús segir að þar sem ekki sé fjallað um rannsóknaboranir sérstaklega í úrskurðinum geti hann ekki svarað því hvort þær falli undir virkjun á Þeistareykjum. Allt frá 31. júlí, þegar umhverfisráðherra felldi úrskurð sinn, hafa framkvæmdaaðilar sótt það fast að fá undanþágu á heildarmatinu til að geta borað næsta vor. Spurður hvort framkvæmdaaðilar hafi ekki skilið úrskurðinn rétt segir Magnús: „Ef svo er tel ég að ákveðinn misskilningur sé í gangi.“

svavar@frettabladid.is



**GRÍMUDANS** Oft er brugðið á leik í Dansskóla Ragnars Sverrissonar eins og sjá má á þessum ungu dönsurum.

Tveggja ára í dansskóla:

# Fyrstu danssporin stigin

**TÓMSTUNDIR** Á fáum ef nokkrum öðrum stöðum í heiminum má finna jafn unga dansara og í Dansskóla Ragnars Sverrissonar eða eins og Ragnar segir sjálfur: „Ég veit ekki um neinn annan skóla á landinu og reyndar ekki í heiminum þar sem tekið er á móti tveggja og þriggja ára börnum í danskennslu ásamt foreldrum þeirra.“

Ragnar segir það ekki reyna á þolrif nokkurra að kenna svo ungum börnum þar sem foreldrarnir fylgi þeim á námskeiðunum og taki með þeim fyrstu danssporin. Oftast megi vart á milli sjá hvort skemmti sér betur, barnið eða foreldrið.

Í Fréttablaðinu í gær birtist verðkönnun yfir um fjórtán vikna námskeið fyrir fullorðna í samkvæmisdönsum hjá Dansskóla Ragnars. Rétt verð á það námskeið er 35.900 en árgjaldið er 71.800 krónur. Verð fyrir yngstu dansarana er 13.900 krónur önnin. - kdk

## LEIÐRÉTT

Helgi Helgason, formaður Frjálslynda flokksins í Kópavogi, var rangtitlaður í blaðinu í fyrradag.

Rangt var farið með vefslóð Logosafnsins í frétt blaðsins í gær. Rétt slóð er „logosafn.is“.



**MIKLUBRAUT** Rautt granít var í gær lagt á sérakrein fyrir strætó á Miklubraut. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sérinnflutt rautt granít:

# Rauðar götur fyrir strætó

**SAMGÖNGUMÁL Sérinnflutt rautt granít frá Skotlandi var í fyrsta sinn notað við malbikun á Íslandi þegar starfsmenn borgarinnar malbikuðu forgangsakrein fyrir strætó á Miklubraut í gær.**

**„Með þessu er verið að tryggja að rauði liturinn haldist þegar malbikið slitnar,“ segir Ólafur Ólafsson, deildarstjóri framkvæmda hjá Framkvæmda- og eignasviði Reykjavíkurborgar.**

**Samkvæmt tilkynningu frá Framkvæmda- og eignasviði er aukakostnaður vegna innflutta granítsins um átta milljónir en á móti kemur að skýr rauður litur á forgangsakrein helst lengur. - ovd**

## ALÞINGI

### Fá fleiri Tysabri?

Valgerður Sverrisdóttir, Framsóknarflokki, vill vita hvort heilbrigðisráðherra hafi í hyggju að gefa fleiri MS-sjúklingum en þeim 50 sem nú fá lyfið Tysabri færi á notkun þess.

### Verða námslán bætt?

Birkir J. Jónsson, Framsóknarflokki, spyr hvort menntamálaráðherra hyggist koma til móts við námsmenn erlendis sem hafi orðið fyrir verulegri skerðingu námslána vegna veikingar íslensku krónunnar.




## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** Veðurfræðingur

**HELGIN** Ágætar veðurhorfur eru um helgina. Það horfir til vestlægra átta, 3-10 m/s, stífastur vestan til. Á morgun verður sólríkast suðaustan til, annars verður það köflóttara og hætt við lítilsháttar súld á Vestfjörðum. Á sunnudag gengur hins vegar úrkoma inn á landið og má búast við töluverðri rigningu sunnan og vestan til.



Á MORGUN 3-10 m/s.

SUNNUDAGUR 5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 19° |
| Billund | 18° |
| Ósló | 17° |
| Stokkhólmur | 18° |
| Gautaborg | 19° |
| London | 17° |
| París | 19° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 24° |
| Berlín | 21° |
| Alicante | 31° |
| Mallorca | 30° |
| Basel | 26° |
| Eindhoven | 20° |
| Las Palmas | 26° |
| New York | 29° |
| Orlando | 31° |
| San Francisco | 24° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# Spennandi helgartilboð!

OPIÐ til 20 alla daga




**Hamborgarhryggur**
Íslandsgrís




**Svínakótilettur**
- reyktar




**Lambaframpartur**
- frosinn og sagaður




**Svínahnakki**
- úrbeinaður




**Danskt entrecote**
- úr kjötborði

Santa Maria

Mesta úrvalið af kryddi!




*meira krydd í tilveruna!*




**Snyder´s of Hanover**
- amerískt snakk, algjört lostæti!




**Heilsubrauð og snúðar**
- í bakaríum Hagkaups




**Orkusprengjan Turbo Greens**
- kemur þér í gírinn!

Gildir til 7. september eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

**KJÖRKASSINN**



*Fylgist þú með beinum útsendingum frá Alþingi?*

| | |
|---|---|
| Já | 17,8% |
| Nei | 82,2% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú að fyrrum vistmenn á Breiðavíkurheimilinu fái hærri bætur en frumvarp forsætisráðherra gerir ráð fyrir?*

Segðu þína skoðun á vísir.is

Nýjar tölur Seðlabankans sýna versnandi erlenda stöðu:

# Skuldir aukast meira en eignir

**EFNAHAGSMÁL** Hrein erlend staða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum versnaði á öðrum fjórðungi ársins, miðað við þann fyrsta. Hún er ríflega tvö þúsund milljarðar króna í mínus, samkvæmt nýjum tölum Seðlabankans.

Fram kemur í tölunum að erlendar eignir Íslendinga nemi 8.429 milljörðum króna. Í því er fólgin bein fjárfesting, markaðsverðbréf, aðrar fjáreignir og gjaldeyrisforði Seðlabankans eins og hann var við lok annars fjórðungs, ríflega 200 milljarðar króna.

Erlendar skuldir eru hins vegar öllu meiri eða 10.524 milljarðar. Bein erlend fjárfesting var innan við þúsund milljarðar en erlend fjárfesting í innlendum markaðsverðbréfum nemur um 4.800 milljörðum og aðrar erlendar skuldir litlu meira.

Fram kemur í tölum Seðlabankans að viðskiptajöfnuðurinn á öðrum fjórðungi ársins hafi verið neikvæður um ríflega 128 milljarða króna. Tap á beinni fjárfestingu Íslendinga erlendis ráði þar mestu.

Þá eykst vaxtakostnaður vegna erlendra skulda, segir Seðlabankinn.

Hrein erlend skuldastaða, samkvæmt Seðlabankanum, nemur ríflega 312 prósentum af vergri landsframleiðslu. - ikh



**SEÐLABANKINN** Nýjar tölur frá Seðlabankanum sýna að hreinar skuldir þjóðarbúsins nema þrefaldri landsframleiðslu. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Nýjar löggæslumyndavélar:

## Myndavélar í miðbænum

**AKUREYRI** Lögreglan á Akureyri hefur nú yfir að ráða þremur löggæslumyndavélum í miðbæ Akureyrar. Myndavélarnar eru sítengdar lögreglustöðinni og sýna Ráðhústorg, Hafnarstræti og Geislagötu.

Fyrstu tvær myndavélarnar voru settar upp fyrir verslunarmannahelgina og hafa þær, samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni á Akureyri, þegar gefið góða raun. Þriðja vélin bætist nú við en Íslensk verðbréf og Akureyrarbær tóku höndum saman um kaup og uppsetningu myndavélanna. Heildarkostnaður er 1,7 milljónir króna. - ovd

Mótmælin í Taílandi:

## Stjórnin boðar skoðanakönnun

**TAÍLAND, AP** **Ríkisstjórn Taílands hefur ákveðið að bregðast við fjöldamótmælum, sem hafa lamað þjóðlífið síðustu tíu daga, með því að efna til skoðanakönnunar.**



SAMAK SUNDARAVEJ

**Almenningur verður spurður hvort hann styðji mótmælin og telji að ríkisstjórnin eigi að segja af sér, eins og mótmælendur krefjast.**

**„Ég ætla ekki að segja af mér," sagði Samak Sundaravej forsætisráðherra í ávarpi til þjóðarinnar í gær. „Ég verð að vernda lýðræðið í landinu."** - gb

Menntun Norðurlandabúa:

## Skólagangan styst hjá Svíum

**SVÍÞJÓÐ** Svíar hafa stystu skólagönguna að baki ef miðað er við Norðurlandaþjóðirnar. Á listanum yfir best menntuðu þjóðir heimsins eru Kanadamenn í fyrsta sæti, Finnar í fjórða sæti, Danir í fimmta, Norðmenn í sjötta og Íslendingar í níunda sæti meðan Svíar eru í þrettánda sæti. Þetta þýðir að tæplega þriðji hver Svíi er með háskólamenntun eða sambærilega menntun.

Svíar setja meiri peninga í menntun sem hlutfall af landsframleiðslu en margar aðrar þjóðir. Bandaríkjamenn fjárfesta mest í menntun, 2,8 prósent af landsframleiðslu, meðan Svíar, Danir og Finnar setja 1,7-1,8 prósent af sinni landsframleiðslu í menntun, að sögn Dagens Nyheter. - ghs

# Heimsferðir buðu bætur í fyrra fyrir Ródos-hótelið

**Aðalgeir Hólmsteinsson undrast fullyrðingar forstjóra Heimsferða um að engar kvartanir hafi borist í tvö ár vegna hótelsins Forum Beach á Ródos. Honum voru boðnar bætur eftir dvöl á hótelinu í fyrra.**

**NEYTENDAMÁL** „Þegar ég las ummæli forstjóra Heimsferða varð mælirinn fullur," segir Aðalgeir Hólmsteinsson, sem fór með Heimsferðum til Ródos í fyrrasumar.

Eins og fram hefur komið í Fréttablaðinu sýktist hópur Íslendinga af salmonellu á Ródos í ágúst. Sömuleiðis sýktist íslenskt par þar í byrjun júlí. Fólkið dvaldi allt á vegum Heimsferða á hótelinu Forum Beach. Sumt af því er enn veikt. Bæði ferðaskrifstofan og fólkið safna nú gögnum fyrir næstu skref vegna bótakrafna.

Í samtali við Fréttablaðið hefur Tómas Gestsson, forstjóra Heimsferða, sagt að fyrr en nú í ágúst hafi enginn kvartað undan Forum Beach.

„Það hefur engin kvartað undan þessu hóteli síðastliðin tvö ár hjá okkur eða hjá öðrum fyrirtækjum þannig að þetta kemur mér svolítið á óvart, fólk hefur einmitt verið ánægt þarna," sagði Tómas fyrr í vikunni í samtali við blaðamann Fréttablaðsins.

Þetta segir Aðalgeir Hólmsteinsson vera alrangt. Fyrir hönd tveggja fjölskyldna sendi hann Heimsferðum ítarlegt kvörtunarbréf eftir þriggja vikna dvöl á Forum Beach í júní í fyrra.

„Aðbúnaðurinn á hótelinu var víðs fjarri því sem við var að búast. Við höfum ferðast víða og aldrei orðið fyrir eins miklum vonbrigðum. Eitt dæmi er að aftan við hótelafgreiðsluna var opin rotþró sem safnaði að sér miklu flugnageri. Margir tengdu þetta við slæmar sýkingar sem fólk fékk eftir moskítóbit," segir Aðalgeir, sem kveður fleiri hótelgesti hafa haft á orði að þeir myndu kvarta.

Í svari Heimsferða við bréfi Aðalgeirs í fyrra var boðin tuttugu þúsund króna inneign fyrir hvern farþega í aðra ferð með félaginu. Að auki lofuðu Heimsferðir að staðan á Forum Beach yrði könnuð.

Að sögn Aðalgeirs var ekki ætlunin að blanda fjölmiðlum í mál þessara tveggja fjölskyldna heldur átti að láta nægja að senda Heimsferðum bréf með ábendingum. Í ljósi salmonellutilfellanna í sumar er athyglisvert að í bréfinu segir að hópur Aðalgeirs hafi haft sterkan grun um að meðferð hráefna við matargerð væri á margan hátt ábótavant.

„Við vildum kurteislega gefa þeim kost á að athuga málin og gera svo viðeigandi ráðstafanir. En miðað við það sem fram hefur komið undanfarna daga hefur allt farið þvert á það sem þeir sögðust ætla að gera. Þar sem þetta mál varðar heill og heilsu fjölda manns vildum við segja okkar sögu," útskýrir Aðalgeir. gar@frettabladid.is



**ROTÞRÓIN** Megnan þef lagði frá opinni rotþró á hótelsvæðinu sem dró að sér moskítóflugur. MYND/SIGURÐUR SKARPHÉÐINSSON



**BRÉFASKIPTI UM FORUM BEACH** Í bréfi til Heimsferða í fyrrasumar var meðal annars kvartað undan fúkkalykt, hættulegum flísum, skrúfulausum sólbekkjum, kakkalökkum, silfurskottum og grunsamlegri meðferð hráefna við matargerð. Vonbrigði svöruðu Heimsferðir og buðu bætur.


## Smáskipanámskeið

**Smáskipanám kemur í stað þess sem áður var nefnt 30rl réttindanám (pungapróf).** Réttindin miðast því við skip 12 metrar og styttri að skráningarlengd. Á námskeiðinu verða kennd siglingafræði og samlíkir, siglingareglur og vélfræði, siglinga- og fiskileitartæki, sjóhæfni, veðurfræði og öryggismál. **Þeir sem ljúka smáskipaprófi geta tekið verklegt próf og öðlast þar með einnig skemmtibátaréttindi á 24 metra skemmtibáta (ICC).**

**Tími:** 22. sept. - 7. nóv. (105 kennslustundir). **Verð:** 105.000 kr.

**Skráning á skrifstofu Tækniskólans í síma 514 9041.**
Kjartan Örn, kennari hjá Skipstjórnarskólanum, veitir nánari upplýsingar um námskeiðið í síma 895 1414.



## Undirbúningsnámskeið fyrir skemmtibátapróf

Laugardaginn 4. október frá kl. 08:30 til kl. 18:00
Sunnudaginn 5. október frá kl. 08:30 til kl. 18:00
Miðvikudaginn 8. október frá kl. 18:00 til kl. 21:00
Fimmtudaginn 9. október frá kl. 18:00 til kl. 21:00

**Verð:** Námskeið með bóklegu prófi kostar 28.500 kr.

**Skráning á skrifstofu Tækniskólans í síma 514 9041.**
Kjartan Örn, kennari hjá Skipstjórnarskólanum, veitir nánari upplýsingar um námskeiðið í síma 895 1414.

Skipstjórnarskólinn
Tækniskólinn

zetor

www.tskoli.is

# Ódýrari kostur!

netto

ÓTRÚLEGT VERÐ!



51% afsláttur

ÍSFUGL

TEX MEX KJÚKLINGAVÆNGIR

**199 kr/kg**

~~403~~ kr/kg



30% afsláttur

GOÐI

PÍTA OG PÍTUBUFF, 6 stk.

**699 kr/pk.**

~~998~~ kr/pk.



40% afsláttur

ÍRSKAR SVÍNALUNDIR

**959 kr/kg**

~~1.599~~ kr/kg




LOKSINS KOMNAR

GOODFELLAS SOLOS 2 Í PK.

**399 kr/pk.**




30% afsláttur

KEA

LONDONLAMB

**1.256 kr/kg**

~~1.794~~ kr/kg




30% afsláttur

CHICAGO TOWN PIZZA
M/FYLLTUM ENDA

**489 kr/stk.**

~~699~~ kr/stk.




HUMARASKJA 2kg

**3.990 kr**

TILBOÐIN GILDA 4. - 7. SEPTEMBER

www.markhonnun.is

## Verið velkomin í Nettó

Mjódd - Salavegi - Akureyri - Höfn - Grindavík

Birt með fyrirvara um prentvillur.

VEISTU SVARIÐ?



**1** *Hvar sýktust íslenskir ferðamenn af salmónellu í ágúst?*

**2** *Hvaða landsþekkti söngvari starfar á bensínstöð Olís í Álfheimum?*

**3** *Hvaða trúarhópur fær lóð í Hádegismóum við Rauðavatn fyrir hof sitt?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42

Vágestur breiðist út á landsbyggðinni:

# Spánarsnigill í öll landshorn

**NÁTTÚRA** Spánarsnigillinn illræmdi hefur nú fundist á öllum landshornum, að sögn Erlings Ólafssonar, skordýrafræðings hjá Náttúrufræðistofnun Íslands. Í sumar fannst hann í fyrsta sinn í Hnífsdal og á Höfn í Hornafirði. Þar með hefur hann nú fundist í öllum landshornum.

Snigillinn virðist hafa hreiðrað vel um sig á Ólafsfirði, að sögn Erlings. Í sumar fannst fyrsti snigillinn í lok maí, í garði þar sem sniglarnir hafa fundist árlega síðan 2004.

„Fáeinum dögum eftir að spánarsnigillinn árrisuli fannst á Ólafsfirði fundust tveir til viðbótar í sama garði,“ segir Erling. „Þar með er ekki öll sagan sögð því í byrjun júlí fundust enn fimm sniglar í blómabeði í garðinum þeim. Það er því ljóst að sniglarnir hafa komið sér þokkalega fyrir þar norður frá.“

Að sögn Erlings eru einnig nokkur sniglatíðindi af höfuðborgarsvæðinu. Þar hafa spánarsniglar fundist til þessa á nokkrum stöðum í Reykjavík og Kópavogi og einum stað í Garðabæ. Í sumar hafa fjórir spánarsniglar frá Reykjavík verið færðir NÍ til skoðunar, þar af tveir úr einum og sama garðinum, og þrír úr Kópavogi. **- jss**



**ÁN DÓMS OG LAGA** Finni fólk stóra rauða eða rauðleita snigla er það hvatt til að koma þeim til NÍ til skoðunar, að sögn Erlings. Sé það ekki mögulegt er fólk hvatt til að taka þá af lífi „án dóms og laga“.

Hvalfjarðarsveit auglýsir:

## Landbúnaður og iðnaður í stað hernaðar

**HVALFJÖRÐUR** Auglýst hefur verið um breytingu á aðalskipulagi Hvalfjarðarstrandarhrepps og er lýst eftir athugasemdum.

Breyta á svæði, sem er skilgreint sem varnarsvæði, í landbúnaðar-, iðnaðar- og hafnarsvæði.

Svæðið er 48 hektarar. Á átján þeirra er og verður olíubirgðastöð, og verður það nú skilgreint sem iðnaðar- og hafnarsvæði. Landbúnaðarsvæðið verður á hinum þrjátíu hekturunum.

Skriflegum athugasemdum skal skila fyrir 16. október. **- kóþ**

Siðfræðistofnun 20 ára:

## Siðfræði í samfélagi

**MENNTUN** Er siðfræði þörf? er heiti fyrirlesturs Páls Skúlasonar prófessors í Þjóðarbókhlöðunni í dag. Í fyrirlestrinum, sem hefst klukkan 15.15, fjallar Páll um mismunandi ástæður þess að leggja stund á siðfræði og um ólíkar hugmyndir sem fólk gerir sér um siðfræði. Þá hyggst Páll gera grein fyrir þeirri hugmynd um siðfræði sem lögð var til grundvallar þegar Siðfræðistofnun var sett á laggirnar fyrir tuttugu árum, auk þess sem hann glímir meðal annars við spurninguna um tengsl siðfræði við frumspeki og persónuleg lífsviðhorf fólks.

Fyrirlestur Páls er fyrstur í fyrirlestraröðinni Siðfræði í samfélagi sem haldin er í tilefni af tuttugu ára starfsafmæli Siðfræðistofnunar. **- ovd**

Rúmenar handteknir:

## Þrír fjársvikarar í farbanni

**LÖGREGLUMÁL Þrír Rúmenar hafa verið úrskurðaðir í tveggja vikna farbann vegna kæra um peningasvindl í verslunum og bönkum, sem greint var frá í Fréttablaðinu í gær. Mennirnir komu til landsins á mánudagskvöld. Þegar upplýsingar bárust um aðferðir þeirra var ábendingu komið á framfæri við afgreiðslufólk. Stuttu síðar voru mennirnir staddir í Borgarnesi og þeir handteknir í kjölfarið. Mennirnir hafa nú verið úrskurðaðir í tveggja vikna farbann. - jss**

BORGARMÁL

### Ólafur Örn í stað Ástu

Borgarráð hefur samþykkt að Ólafur Örn Haraldsson taki sæti í stjórn Reykjanesfólkvangs í stað Ástu Þorleifsdóttur.

# Bitruvirkjun frestað á aðalskipulaginu

**Sveitarfélagið Ölfus hefur frestað til skamms tíma afgreiðslu á aðalskipulagsbreytingu vegna Bitruvirkjunar, vegna metfjölda athugasemda og óvissu í Reykjavík. Engar athugasemdir bárust vegna Hverahlíðarvirkjunar.**

**UMHVERFISMÁL** Sveitarfélagið Ölfus hefur ákveðið að fresta afgreiðslu á aðalskipulagsbreytingu að því leyti sem hún snertir fyrirhugaða Bitruvirkjun Orkuveitunnar.

Breyting vegna Bitruvirkjunar var upphaflega auglýst ásamt breytingum vegna Hverahlíðarvirkjunar, línulagna, tvöföldunar Suðurlandsvegar og mislægra gatnamóta.

Metfjöldi, um þúsund athugasemdir, barst sveitarfélaginu vegna Bitruvirkjunar einnar, en engar vegna hinna breytinganna.



**ÓLAFUR ÁKI RAGNARSSON**

Ólafur Áki Ragnarsson bæjarstjóri segir að frestunin komi helst til af tvennu; vegna vinnu við að svara fyrrgreindum fjölda athugasemda og vegna óvissu um framtíð Bitruvirkjunar í ljósi sífelldra meirihlutaskipta og stefnubreytinga í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.

„Við erum enn að fara yfir athugasemdirnar og það er hellings vinna að finna út úr þessu og svara öllum skriflega, en svo er engin launung að það hefur verið óvissuástand í Reykjavík,“ segir hann.

Ólafur Áki segist ekki geta skilið hvers vegna svo margar athugasemdir bárust vegna Bitru, en engin vegna Hverahlíðarvirkjunar.

„Þetta eru sambærilegar virkjanir og hafa sambærileg áhrif á umhverfið, nema Bitruvirkjun er aðeins ofar í landinu. En það myndaðist einhver múgæsingur í kringum Bitru,“ segir hann.

Skipulagsstofnun samþykkti Hverahlíðarvirkjun á sínum tíma, með skilyrðum, en lagðist gegn Bitruvirkjun. Var bygging hennar sögð óviðunandi og hafa verulega neikvæð og óafturkræf áhrif á landslag, útivist og ferðaþjónustu.

Orkuveitan hafði þá eytt hátt í milljarði króna í rannsóknir og skipulagningu sem átti að koma til móts við umhverfisverndarsjónarmið. Þáverandi stjórn fyrirtækisins hætti við virkjunina. Nýr meirihluti hefur hins vegar ákveðið að hefja rannsóknir að nýju vegna Bitruvirkjunar.

Ólafur Áki býst ekki við að þessi frestun á afgreiðslu breytinga vegna Bitruvirkjunar sé til langs tíma, sveitarfélagið klári að fara yfir athugasemdirnar nú í haust.

**klemens@frettabladid.is**



**Á HENGILSSVÆÐINU** Bitruvirkjun er umdeild og má merkja af því að þúsund athugasemdir bárust vegna hennar, en engin vegna nágrannavirkjunar í Hverahlíð.

MYND/RAFN HAFNFJÖRÐ




NÓBELSVERÐLAUNAHAFI Í LÆKNAVÍSINDUM FLYTUR FYRIRLESTUR Í HR

Nóbelsverðlaunahafinn Susumu Tonegawa flytur fyrirlestur í Háskólanum í Reykjavík laugardaginn 6. september kl 14:00 – 15:00 í húsakynnum Háskólans í Reykjavík, Ofanleiti 2 í stofu 101.



Fyrirlesturinn er í boði tækni- og verkfræðideildar Háskólans í Reykjavík í samstarfi við Taugavísindafélag Íslands.

Fyrirlesturinn er um nám og minni og verður haldinn á ensku.
Í fyrirlestrinum mun Tonegawa gefa yfirlit yfir rannsóknir sínar sem hafa varpað nýju ljósi á sameindalíffræðilegar undirstöður náms og minnis.

Dr. Susumu Tonegawa er prófessor við MIT háskólann í Boston, Bandaríkjunum. Hann hefur hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir rannsóknir sínar, þar á meðal fékk hann Nóbelsverðlaunin í lífeðlisfræði eða læknavísindum árið 1987.

Nánari upplýsingar um fyrirlesturinn má finna á hr.is/fyrirlestrartvd

TAUGAVÍSINDAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC SOCIETY FOR NEUROSCIENCE

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY


Hjón á Reyðarfirði ræktuðu saman fagurt sólblóm í garðinum:

# Fegursta sólblómið fundið

**NÁTTÚRA** Fegursta sólblómið í Fjarðabyggð er fundið. Þetta var tilkynnt á vefsíðunni fjardabyggd.is fyrir skömmu en í vor var efnt til samkeppni um hver gæti ræktað fegursta blómið. Fengu öll heimili í Fjarðabyggð sent eitt sólblómafræ auk ræktunarleiðbeininga. Blómið fannst svo í garði hjónanna Álfheiðar Hjaltadóttur og Kristjáns Kristjánssonar í götunni Ásgerði á Reyðarfirði.

„Þetta var mjög skemmtilegt uppátæki hjá þeim hjá bænum,“ segir Álfheiður. Hún segist ekki luma á ákveðnu leyndarmáli við ræktun sólblóma þrátt fyrir velgengnina. Hún hafi einfaldlega sett fræ í pott í garðskálanum sínum og smám saman hert það með því að fara með það út.

Blómið hafi dafnað vel en þurft mikla vökvun. „Að lokum fannst mér farið að þrengja svo að því í pottinum þannig ég setti það bara í moldina úti í garði,“ segir Álfheiður og bætir við að þar hafi blómið staðið eitt og óstutt við húsið henni og bóndanum á bænum til ánægju.

„Já, það er skrýtið að maðurinn minn hefur aldrei skipt sér af blómum en þessu sýndi hann mikinn áhuga og var alltaf með tommustokkinn á lofti,“ segir hún en blómið varð hátt í tveir og hálfur metri á hæð þegar það var stærst.

Helga Jónsdóttir afhenti hjónunum gjafabréf frá BYKO í viðurkenningarskyni. Unnur Ása Atladóttir, verkefnisstjóri á umhverfissviði Fjarðabyggðar, segir sólblómin hafa verið mikla bæjarprýði í sumar. **- kdk**



**SÓLBLÓMIÐ OG DÓTTURSONURINN** Álfheiður sendi þessa fallegu mynd í samkeppnina en á henni gefur að líta sólblómið fagra og barnabarn hennar Eystein Þorra.


VIÐ ERUM HÉR!!!
Perlan
Hallgríms kyrkja
Bra bra
Bíó
Sjórinn
Krónan
Ellingsen
STÆRSTA
bílaþvottastöð landsins
opnar að Fiskislóð 29.
Frítt alla helgina frá kl. 8-19.
SNERTILAUS ÞVOTTASTÖÐ
1
2
3
RYKSUGA
LÖÐUR
miðstöð bílaunnenda
www.lodur.is



**RAMADAN Í KABÚL** Hinn helgi föstumánuður múslima, ramadan, hófst nú í vikunni. Þessi maður kom sér vel fyrir í mosku í Kabúl til að lesa í Kóraninum. NORDICPHOTOS/AFP

Fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu tekur sölumenn:

# Fíkniefni tekin um allan bæ

**LÖGREGLUMÁL** Talsvert magn fíkniefna var tekið víða á höfuðborgarsvæðinu við eftirlit lögreglunnar.

Lagt var hald á um 250 grömm af kókaíni í íbúð í miðborginni. Þrír karlmenn, tveir á fimmtugsaldri og einn á fertugsaldri, voru í íbúðinni þegar lögreglan kom þangað til húsleitar. Voru þeir allir handteknir. Kókaínið var ætlað til sölu.

Á Laugavegi var svo karlmaður á sextugsaldri stöðvaður. Hann reyndist vera með um fimmtán grömm af fíkniefnum í fórum sínum. Megnið af því var amfetamín.

Í vesturbæ Reykjavíkur hafði lögreglan afskipti af karlmanni á svipuðum aldri. Hann hafði einnig um fimmtán grömm af fíkniefnum í fórum sínum. Þar var einnig aðallega um amfetamín að ræða.

Í Árbæ voru tveir karlmenn, annar á þrítugsaldri en hinn á fimmtugsaldri, teknir fyrir fíkniefnamisferli. Í bíl þeirra reyndist vera falið bæði hass og amfetamín, samanlagt um 35 grömm.

Loks fann lögreglan lítilræði af amfetamíni í húsi í Kópavogi. - jss



**KÓKAÍNSÖLUMENN** Lögreglan tók meðal annars þrjá kókaínsölumenn með um 250 grömm af efninu.

Höfuðborgarsvæðið:

# Tvær kannabisgróðurstöðvar

**LÖGREGLUMÁL** Lagt var hald á sextíu kannabisplöntur á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu í fyrradag.

Fjörutíu þeirra fundust við húsleit í Kópavogi en hinar tuttugu í íbúð í Breiðholti. Karlmaður um fertugt var handtekinn í tengslum við síðarnefnda málið.

Við aðgerðirnar naut lögreglan á höfuðborgarsvæðinu liðsinnis lögreglumanna frá Norðurlandi.

Lögreglan minnir á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. - jss



**CHENEY OG SAAKASHVILI** Cheney kom til Georgíu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dick Cheney:

# Styður NATO-aðild Georgíu

**GEORGÍA, AP** Dick Cheney, varaforseti Bandaríkjanna, sagði við Mikhaíl Saakashvili, forseta Georgíu, að Bandaríkin styddu það enn heilshugar að Georgía fengi aðild að Atlantshafsbandalaginu.

Cheney fordæmdi einnig harðlega hernað Rússa í Georgíu og viðurkenningu Rússa á sjálfstæði héraðanna Abkasíu og Suður-Ossetíu. Hann sagði þetta „ólögmætar og einhliða tilraunir“ til að breyta landamærum Georgíu með valdi.

Cheney heimsótti Saakashvili í Tíblisi, höfuðborg Georgíu, í gær. Hann kom þangað frá Aserbaídsjan, en Cheney hefur síðustu daga verið á ferðalagi um Kákasuslönd. - gb

# Palin sló í gegn á þingi repúblikana

**Sarah Palin sló í gegn á landsþingi repúblikana í fyrrakvöld. Hún dró upp mynd af sér sem dæmigerðri móður. Í nótt var röðin komin að John McCain.**

Forsetakosningar 2008

**BANDARÍKIN, AP** John McCain tók formlega við útnefningu landsþings Repúblikanaflokksins sem forsetaefni flokksins í fyrrakvöld. Hann flutti síðan ræðu sína á þinginu í nótt að íslenskum tíma, þar sem hann hugðist gera grein fyrir því hver yrðu helstu áhersluatriði sín sem forseti, næði hann kjöri í nóvember.

Varaforsetaefni hans, Sarah Palin, vakti almenna hrifningu á miðvikudagskvöld þegar hún flutti fyrstu ræðu sína á landsþinginu.

Hún dró þar upp mynd af sjálfri sér sem dæmigerðri móður og sagði að fjölskyldufólk myndi eiga hauk í horni í Hvíta húsinu, yrðu hún og McCain sigurvegarar forsetakosninganna í nóvember.

Hún sagðist nú þegar hafa sannað það, í starfi sínu sem ríkisstjóri Alaska, að hún væri fullfær um að takast á við valdaklíkur til að koma í gegn nauðsynlegum breytingum á siðferði stjórnmálanna.



**MCCAIN OG PALIN** Hafa staðið þétt saman á landsþingi repúblikana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hún skaut einnig föstum skotum á andstæðinginn, Barack Obama, og sagði hann skorta alla reynslu þótt hann kynni að bregða fyrir sig fögrum orðum sem heilluðu kjósendur. Hann hefði skrifað til dæmis tvær bækur um æviminningar sínar, en ekki lægi eftir hann nein löggjöf á þingi.

Að ræðu hennar lokinni steig John McCain, forsetaefni flokksins, sigri hrósandi fram á sviðið og spurði landsþingsgesti: „Finnst ykkur ekki að okkur hafi tekist vel upp við valið á næsta varaforseta Bandaríkjanna?“

Demókratar hafa þó ekki verið jafn ánægðir, sem von er, og Joe Biden, varaforsetaefni Baracks Obama, sagðist ætla að svara Palin málefnalega án þess að ráðast að persónu hennar. gudsteinn@frettabladid.is



**VIÐ GANGNAMUNNANN** Kristján L. Möller við fyrirhugaðann gagnamunna ganganna sem tengja munu Bolungarvík og Ísafjörð. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

Rúmlega 5 kílómetra göng:

# Fyrsta hleðslan sprengd í gær

**SAMGÖNGUR Fyrsta sprengjuhleðslan í Bolungarvíkurgöngum var sprengd klukkan 17.30 í gær af Kristjáni L. Möller samgönguráðherra. Sprengt var Bolungarvíkurmegin en að því loknu buðu Bolungarvíkurkaupstaður og verktakarnir, Íslenskir aðalverktakar og Marti Contractors Ltd., til stuttrar athafnar í Náttúrugripasafni Bolungarvíkur.**

**Göngin verða 5,1 kílómetra löng og 8,7 metra breið auk þess sem samtals 270 metra langir steinsteyptir vegskálar liggja beggja megin að göngunum. Þá verða vegkaflar lagðir að göngunum, samtals 3,7 kílómetrar að lengd, auk þess sem tvær nýjar brýr verða byggðar. Heildarkostnaður er áætlaður um 5 milljarðar króna. Áætluð verklok eru 15. júlí 2010 en jarðvinna hófst við gangamunnana í júlí í sumar.** - ovd


Núllið

0kr. að hringja innan fjölskyldunnar

Skráðu fjölskylduna í síma 800 7000 eða á siminn.is án tafar!

Í Núllinu þarf fjölskyldan **ekki að borga krónu** þegar hún hringir sín á milli • Það er **Síminn**

**3-6 GSM símar og heimasími**

Í Núllinu þarf fjölskyldan ekki að borga krónu fyrir símtöl sín á milli innanlands. Hægt er að skrá þrjú til sex GSM númer heimilisfólks sem er hjá Símanum og eitt heimanúmer. Eitt númeranna má vera fyrirtækjanúmer. Skilyrði er að allir hafi sama lögheimili og að a.m.k. eitt GSM númer sé skráð í áskrift.

**Kostir Núllsins**

Enginn aukakostnaður eða auknar skuldbindingar. Heimilisfólkið getur verið í áskrift eða með Mitt Frelsi. Mitt Frelsisnúmer getur hringt í öll hin númerin þótt inneignin sé búin. Kynntu þér skilmálana og skráðu fjölskylduna í Núllið í dag í síma 800 7000, á siminn.is eða í næstu verslun Símans.

ENNEMM / SÍA / NM35274




## Landssöfnun í opinni dagskrá Stöðvar 2, föstudagskvöldið 19. september.

Mænuskaðastofnun Íslands hvetur þjóðina til að taka þátt í landssöfnun sem miðar að því að lækning finnist við mænuskaða. Það gefur fjölda fólks um heim allan von um að ganga á ný.
**Við viljum öll eiga þátt í því kraftaverki.**

**www.isci.is**

Hringdu núna: Síminn

**904 1000** | **904 3000** | **904 5000**

| | | |
|---|---|---|
| og þú gefur 1.000 kr. | og þú gefur 3.000 kr. | og þú gefur 5.000 kr. |

STOÐIR
bakhjarl landssöfnunarinnar

Mænuskaðastofnun Íslands

Fíton/SÍA

## „ORÐRÉTT“

### Þá er það alveg skýrt

**„Það er auðvitað svo að ekki eru allar stéttir í sömu stöðu á hverjum tíma og ekki óeðlilegt að það sé eitthvert svigrúm til að taka tillit til einstakra starfsstétta í samningum þó að mest af því svigrúmi sem er mögulegt í þeim efnum sé í stofnanasamningum en ekki í miðlægu samningunum.“**

ÁRNI MATHIESEN FJÁRMÁLARÁÐHERRA Í UMRÆÐUM Á ALÞINGI Í GÆR UM STÖÐU LJÓSMÆÐRA.
Morgunblaðið 4. september

### Visst öryggi þó tryggt

**„Miðað við allt á ekki að kvikna í nýlegum bílum bara sísona.“**

JÓHANN JÓHANNSSON HJÁ VÍS Í UMRÆÐUM UM MEINTAR ÍKVEIKJUR Á BÍLUM SEM Á HVÍLIR MIKIL SKULD.
DV 4. september

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? AÐALHEIÐUR SIGURSVEINSDÓTTIR, SAMSKIPTASTJÓRI**

## Alltaf með hugann við stjórnmálin

„Það er allt rosalega gott að frétta og brjálað að gera,“ segir Aðalheiður Sigursveinsdóttir, samskiptastjóri Tækniskólans.



Aðalheiður, sem er kölluð Heiða, vinnur nú að því að hleypa þessum nýsameinaða skóla af stokkunum. Undir honum eru hvorki fleiri né færri en ellefu undirskólar.

„Ég hef ofboðslega gaman af því að taka U-beygjur og takast á við ný verkefni og þetta var áhugaverður kostur,“ segir hún, spurð hvað hafi komið til að hún fór á menntasviðið.

Áður var Heiða aðstoðarmaður Valgerðar Sverrisdóttur í utanríkisráðuneytinu og þar áður starfaði hún hjá Kaupþingi. Hún segir samskiptastjórnun ekki með öllu ótengda utanríkismálum, því í starfslýsingu er meðal annars fjallað um alþjóðasamskipti og upplýsingamál. En hvaða nám skyldi nýtast henni í starfi? „Ég er með BA-gráðu í heimspeki, sem er afskaplega praktískt nám og hefur nýst mér vel. Það þjálfar rökhugsunina. Og það má segja að allt sem maður fáist við tengist mannshuganum og rökhugsun. Svo lærist margt í mannlegum samkiptum við að fara inn í hugsanagang þessara spekinga.“

„Jú, alveg örugglega,“ segir Heiða þegar hún er spurð hvort hún sé ekki á leið í pólitík aftur. „Þetta er eins og hver önnur baktería. Ég fylgist vel með og tala um pólitík alla daga. Ég hef lært það að segja aldrei aldrei,“ segir Heiða og kveður.

## FANTA
### SVAR NASISTA VIÐ COKE

Gosdrykkurinn Fanta varð til í Þýskalandi nasismans árið 1940. Efnafræðingurinn Schetelig, sem starfaði í Coca Cola-verksmiðju í Essen, fékk það verkefni að búa til nýjan gosdrykk, þar sem nauðsynleg hráefni í kókið bárust ekki frá uppsprettunni handan Atlantsála.




Schetelig notaði meðal annars eplatrefjar og mysu og úr varð bragðgóður gosdrykkur. Samkeppni fór fram meðal starfsmanna um nafnið og var þeim sagt að nota ímyndunaraflið, eða Fantasie á þýsku. Einn starfsmanna henti það á lofti og úr varð Fanta.

## SJÓNARHÓLL
**BÓTAFJÁRHÆÐ TIL BREIÐAVÍKURDRENGJA**

### Svívirðilega lágar tölur

„Ríkisstjórnin er að reyna að setja verðmiða á þjáningu drengjanna,“ segir Ragnheiður Eiríksdóttir, nýsköpunar- og þróunarstjóri hjá BHM, um bótafjárhæð til Breiðavíkurdrengja. „Hvað fá þeir fyrir missi æskunnar, tækifæra í lífinu, andlegrar heilsu og trausts í garð annarra? Svar Geirs og Breiðavíkurnefndarinnar er 375 þúsund krónur til tvær milljónir. Tölurnar eru svo svívirðilega lágar að hverjum Íslendingi með snefil af siðferðiskennd hlýtur að blöskra. Við berum ábyrgð á afdrifum þessara manna og verðum að taka afleiðingum þeirra afdrifaríku mistaka sem fulltrúar ríkisins gerðu þegar þessir meðbræður okkar voru sendir í hryllinginn í Breiðavík. Það minnsta sem við skuldum þeim eru bætur sem tryggja þeim fjárhagslegt áhyggjuleysi. Kröfur um 25-30 milljóna króna bætur á hvern þeirra eru því algjörlega réttmætar. Ég skora á nefndina og ríkisstjórnina að endurskoða hinar smánarlegu upphæðir frumvarpsins sem er í smíðum.“



# Ólíkir menningarheimar

**Hjónin Kjartan Þorsteinsson og Elínborg Guðmundsdóttir eru meðal þeirra sem verða stuðningsfjölskyldur palestínska flóttafólksins sem væntanlegt er á Akranes. Þau fá tækifæri til að kynnast ólíkum menningarheimi á meðan þau láta gott af sér leiða.**



**ELÍNBORG OG KJARTAN** Eru meðal stuðningsfjölskyldna á Akranesi og munu styðja við bakið á palestínskri konu og börnum hennar þremur. Þau hlakka til að takast á við verkefnið. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

En hvað fær fólk til að gerast stuðningsfjölskylda við bláókunnugt fólk? „Það var svo sem ekkert eitt sem varð til þess. Við kíktum á fund þar sem verkefnið var kynnt fyrir bæjarbúum og skráðum okkur á lista yfir sjálfboðaliða. Síðan leiddi eitt af öðru og við ákváðum að slá til og gerast stuðningsfjölskylda,“ segir Elínborg.

„Já, við veltum þessu svo sem ekki mikið fyrir okkur fyrr en á hólminn var komið,“ bætir Kjartan við. „Þetta fór að hljóma æ meira spennandi og við sáum þarna tækifæri til að kynnast ólíkum menningarheimi og láta um leið gott af okkur leiða.“

Þau hjón eiga sjálf tvær stúlkur, tveggja og tíu ára. Mikill spenningur er kominn í fjölskylduna, enda styttist í komu palestínsku fjölskyldunnar. Þau munu styðja við bakið á Linu og börnum hennar þremur: tíu og sex ára strákum og þriggja ára stelpu. Það er líklega meira en að segja það að aðstoða fólk frá gerólíkum menningarheimi sem talar allt annað tungumál. „Við erum svona rétt farin að gera okkur grein fyrir því út í hvað við erum að fara. Það kemur betur í ljós þegar á hólminn er komið,“ segir Kjartan.

Elínborg tekur undir það og bætir við að þau sjálf fái mikinn stuðning. „Við höfum mjög mikinn stuðning á bak við okkur hjá Rauða krossinum og bæjarfélaginu. Hér hefur tekist að vinna ótrúlega gott verk á skömmum tíma. Svo eru tvær aðrar stuðningsfjölskyldur hér á Skaganum og ein í Reykjavík fyrir Linu og börnin. Þetta er fyrst og fremst mjög spennandi og gaman að taka þátt í þessu.“

Verið er að vinna í því að útvega ensk/arabískar orðabækur til að auðvelda tjáskipti. Amal Tamimi, sem fæddist í Palestínu en hefur búið lengi hér á landi, verður síðan innan handar fyrsta kastið.

Þau hjón segjast ekki vera kvíðin, þó að vissulega finni þau spennutilfinningu nú þegar nær dragi, mun fremur séu þau full tilhlökkunar. „Við höfum í raun ekki hugmynd um hvernig þetta verður. Við höfum helst þær væntingar að við komum reynslunni ríkari út úr þessu og eignumst góða vini í leiðinni,“ segir Elínborg.

„Það er mikilvægast að vera til staðar fyrir fólkið, það er númer eitt, tvö og þrjú,“ bætir Kjartan við.

kolbeinn@frettabladid.is






**VIKA 31**
## DAGBÓK NÝRRA ÍSLENDINGA

Charlotte Ólöf Jónsdóttir Ferrier:
### Hitti erlenda nema við HÍ

„Við í Kozmó, stúdentafélagi erlendra nema við Háskóla Íslands, héldum samkomu fyrir erlenda nema í Háskóla Íslands á Kaffibarnum á miðvikudagskvöldið,“ segir Charlotte Ólöf. Hún segir samkomuna hafa heppnast vel. „Það kom fullt af fólki og þetta var bara mjög gaman. Þetta var skemmtileg blanda af ólíku fólki. Meðal annars komu nokkrir Kanadamenn, komnir af Vestur-Íslendingum. Þrátt fyrir að eiga íslenska forfeður hafa þeir margir hverjir aldrei fyrr komið til Íslands. Sumir nemarnir koma til Íslands af því þeir eru bara áhugasamir um land og þjóð. Enn aðrir hafa búið hér á landi um nokkurn tíma en vilja læra íslensku og hafa því skráð sig í íslensku í Háskólanum. Allir hafa því sínar ástæður fyrir því að læra íslensku fyrir erlenda nema í Háskóla Íslands.“



Algirdas Slapikas:
### Undirbýr kynningarfund

„Við í Félagi Litháa á Íslandi ætlum að halda kynningarfund í Norræna húsinu í byrjun október. Nákvæm dagsetning er ekki alveg ákveðin en við erum að vinna í þessu núna. Þetta er hugsað bæði fyrir Íslendinga og aðra sem vilja kynna sér starfsemi félagsins. Við búumst við mörgum merkum gestum eins og til dæmis sendiherra Litháens á Íslandi sem hefur aðsetur í Danmörku. Við vonumst til að utanríkisráðherra Íslands komi líka en það er óvíst hvort hún kemst. Við erum bara að vinna í þessu núna.

Svo er Ljósanótt um helgina og ég ætla mér að fara þangað með fjölskylduna á laugardaginn. Ég þekki nokkra í Reykjanesbæ en mig langar bara að sjá hvað er um að vera enda er dagskráin mjög spennandi.“



Rachid Benguella:
### Magni og Bubbi í uppáhaldi

„Ég hef mjög gaman af tónlist og hlusta mikið á útvarp. Íslensk tónlist finnst mér mjög skemmtileg. Ég held upp á Magna og fylgdist vel með þegar hann tók þátt í Rock Star Supernova. Hann stóð sig vel og var bestur, að mínu mati. Svo hef ég líka gaman af Bubba. Mér finnst svoleiðis gítartónlist alltaf skemmtileg þó að ég skilji reyndar mest lítið af því sem hann er að syngja. Ég skil þó þegar hann er að syngja um ást,“ segir Rachid og hlær. Hann segist einga svolítið af marokkóskri tónlist en hún sé orðin frekar gömul. „Vinir mínir gera grín að mér þar sem þeim þykir tónlistin gamaldags. Tónlist í Marokkó er mjög rytmísk og svolítið vestræn núorðið. Þar má þó ennþá heyra hefðbundna marokkóska tónlist.“





# LAGERHREINSUN





## Allt að 80% afsláttur

Gjafavara

Smávara

Jólaskraut

Kertastjakar

Ljós og lampar

Sófar og stólar

Borðstofuhúsgögn

Hillur og skápar

Barnahúsgögn frá Cilek

Útlitsgallaðar dýnur

og skiptidýnur frá

Svefn & heilsa

**Takmarkað magn af öllu**

Kletthálsi 13

mán.-fös. 10-18, lau. 12-15

Sími 660 0035




**HÚSGÖGNIN HEIM**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# KJÖTMARKAÐUR Í BÓNUS



**FERSK LAMBALÆRI**
**AF NÝSLÁTRUÐU**
*15% AFSLÁTTUR*
**1225 kr./kg.**
MERKT VERÐ 1442 KR.KG

**KS FROSIÐ LAMBALÆRI**
**879 kr./kg.**

AF NÝSLÁTRUÐU



**1398**
FERSKUR LAMBAHRYGGUR
**1398 kr./kg.**



**50%**
**AFSLÁTTUR**
KS FROSIN LAMBALIFUR
**100 kr./kg.** MERKT VERÐ 199 KR./KG.



**40%**
**AFSLÁTTUR**
ALI FERSKAR SVÍNAKÓTILETTUR
**1070 kr./kg.** MERKT VERÐ 1783 KR./KG.



**30%**
**AFSLÁTTUR**
ALI FERSKAR ÚRBEINAÐAR SVÍNAKÓTILETTUR
**1399 kr./kg.** MERKT VERÐ 1998 KR./KG.



**898**
BÓNUS HAMBORGARHRYGGUR
AÐEINS **898 kr./kg.**

AF NÝSLÁTRUÐU



**2998**
KS FERSKT LAMBAFILLET **2998 kr./kg.**




**398**
McCAIN AMERÍSKAR RISAPIZZUR
760 -900g **398 kr stk.**

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

**BÓNUS BÝÐUR BETUR**

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS
30%-40% AFSLÁTTUR
40% AFSLÁTTUR
ERSKAR KJÚKLINGABRINGUR PIRI-PIRI
1679 kr./kg. MERKT VERÐ 2799 KR./KG.
BEINT Í OFNINN
30% AFSLÁTTUR
FERSKIR BÓNUS KJÚKLINGABITAR KRYDDAÐIR
398 kr./kg. MERKT VERÐ 569 KR./KG.
798
FERSKT NAUTAHAKK
798 kr./kg.
40% AFSLÁTTUR
SS FROSIÐ ÓSOÐIÐ SLÁTUR
LIFRAPYLSA 419 kr./kg. BLÓÐMÖR 383 kr./kg.
30% AFSLÁTTUR
ALI FERSKUR ÚRBEINAÐUR SVÍNAHNAKKI
1259 kr./kg. MERKT VERÐ 1798 KR./KG.
498
ALI FERSKUR SVÍNABÓGUR
498 kr./kg.
129
BÓNUS BRAUÐ 1000g
26 SNEIÐAR 129 kr.
Vanillu Ís 2
198
BÓNUS ÍS 2 LTR. 198 kr.
40% AFSLÁTTUR
KF BAJONSKINKA
998 kr./kg. MERKT VERÐ 1663 KR./KG.
ELVITAL
398
ELVITAL SJAMPÓ RISABRÚSAR
400 ml 398 kr.
toppur
PEPSI MAX
98
PEPSI MAX 2 LTR. 98 kr.
TOPPUR 2 LTR SÍTRÓNU 98 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGA 12.00-18.30

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
4.081 **-1,18%**

**Fjöldi viðskipta:** 372
**Velta:** 4.081 milljónir

MESTA HÆKKUN

MESTA LÆKKUN

| | |
|---|---|
| **EIK BANKI** | -6,20% |
| **EXISTA** | -4,79% |
| **EIMSKIPAFÉLAGIÐ** | -4,64% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 6,67 -1,91% ... Atorka 4,80 -1,64% ... Bakkavör 25,80 -0,77% ... Eimskipafélagið 13,35 -4,64% ... Exista 7,15 -4,79% ... Glitnir 14,71 -1,61% ... Icelandair Group 20,40 +0,00% ... Kaupþing 700,00 -0,43% ... Landsbankinn 23,50 -0,84% ... Marel 84,90 -1,05% ... SPRON 3,40 -0,29% ... Straumur-Burðarás 8,72 -2,79% ... Össur 94,40 -0,32%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Engin skuldbinding um fjárútlát

„Það er ekki annað að sjá en að þetta samkomulag sé ekki þeirrar náttúru að það sé gert ráð fyrir gagnkvæmum skuldbindingum,“ segir Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík. Sjálfur segist hann heldur hafa kosið samkomulag sem fæli í sér skuldbindingu um aðgerðir.

Geir H. Haarde forsætisráðherra minnti á þátttöku Íslendinga í samkomulagi Evrópusambandsríkja um viðbrögð við fjármálakreppu, í ræðu sinni um efnahagsmál, á Alþingi í byrjun vikunnar.

Í samkomulaginu felst einkum samstarf milli stofnana; fjármálaeftirlits, seðlabanka og fjármálaeftirlits. Einnig er þar rætt um upplýsingaskipti, álagsprófanir og að samræma upplýsingagjöf til almennings.



**GEIR H. HAARDE** Forsætisráðherra minnist þátttöku Íslendinga í samstarfi Evrópusambandsríkja um aðgerðir um viðbrögð við fjármálakreppu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Það kemur skýrt fram í samkomulaginu að markmið þess sé ekki að koma í veg fyrir gjaldþrot banka. Komi til fjármálakreppu verði ávallt látið reyna á getu einkageirans til að sjá um sig sjálfur. Stjórnendur fyrirtækja beri ábyrgð á rekstri einstakra banka og félaga. Hluthöfum verði ekki bjargað og skuldunautar og þeir sem geyma fé sitt í bönkum án viðeigandi trygginga verði að vera viðbúnir því að tapa fé, fari banki á hliðina.

Alls ekki megi ganga að því sem vísu að almannafé verði notað í þeim tilgangi að bjarga fjármálastofnun.

Geir H. Haarde sagði í ræðu sinni á Alþingi að fjárlagafrumvarpið og stefnuræða sín myndu bera þess merki að ríkisstjórnin geri allt sem í sínu valdi stendur til að taka á efnahagsvanda til skemmri tíma og auka stöðugleika til lengri tíma.

Ólafur Ísleifsson segir að líta þurfi svo á að skapaðar hafi verið væntingar „um marktæk viðbrögð við aðsteðjandi vanda“. **- ikh**

## Enn styrkist Bandaríkjadalur

Gengi evru og breska pundsins gaf nokkuð eftir eftir stýrivaxtaákvörðun beggja vegna Ermarsunds í gær. Evran hefur lækkað um 5,7 prósent gagnvart Bandaríkjadal síðasta mánuðinn, samkvæmt Bloomberg-fréttastofunni.

Bandaríkjadalurinn hefur aftur á móti sótt í sig veðrið frá síðasta hausti þar sem efnahagslægðin gekk fyrr yfir í Vesturheimi en á meginlandi Evrópu, líkt og fram kom í Fréttablaðinu í gær.

Gengi dalsins var rétt rúmar 85 íslenskar krónur í fyrsta sinn í tæp sex ár í fyrradag. Í kjölfar 0,6 prósenta veikingar krónunnar í gær jókst verðmæti Bandaríkjadalsins frekar í krónum talið en þá rauf hann 86 krónu múrinn. **- jab**

## Óbreytt vaxtastig til varnar verðbólgunni

Seðlabanki Bretlands og sá á evrusvæðinu ákváðu í gær að halda stýrivöxtum óbreyttum. Bankastjórar beggja banka vísuðu til verðbólguþrýstings í hagkerfinu á sama tíma og vísbendingar eru um að hægja muni hratt á hjólum efnahagslífsins seinni hluta árs.

Þessi niðurstaða kom ekki á óvart. Meiri óvissu gætti hins vegar um ákvörðunina í Bretlandi þar sem aukið atvinnuleysi og fall á fasteignaverði spilar inn í. Fasteignaverðið féll um 12,7 prósent á milli ára í ágúst, samkvæmt upplýsingum fasteignalánveitandans Halifax. Þetta er mesti skellur sem sést hefur þar í landi síðan byrjað var að halda utan um tölurnar árið 1983. **- jab**



**TEKIST Á VIÐ VERÐBÓLGUDRAUGINN** Jean-Claude Trichet, bankastjóri evrópska seðlabankans, býst við að hægja muni í evrópsku efnahagslífi á seinni hluta ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

**STÝRIVEXTIR Í LÖNDUNUM**

| Land | Vextir |
|---|---|
| Evrusvæðið | 4,25% |
| Bretland | 5,00% |



**ÞEGAR ALLT LÉK Í LYNDI** Björgólfur Guðmundsson og Eggert Magnússon keyptu West Ham í félagi á sínum tíma og Eggert var gerður að stjórnarformanni. Eggert vék svo óvænt og nú er Björgólfur einn eigandi og formaður félagsins. Hér eru þeir í stúkunni á heimavellinum Upton Park, ásamt eiginkonu Eggerts. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

# West Ham dregur saman seglin

**Íslendingaliðið West Ham leitar að nýjum knattspyrnustjóra og dregur saman seglin í rekstrinum. Umboðsmaður segir að mörg mistök hafi verið gerð í stjórnartíð Eggerts Magnússonar.**

Mistök í kaupum á leikmönnum og óheyrilega háir launasamningar, eru meðal þeirra mistaka sem umboðsmaðurinn Kia Joorabchian segir að gerð hafi verið hjá enska úrvalsdeildarliðinu West Ham í formannstíð Eggerts Magnússonar. Knattspyrnustjórinn Alan Curbishley hafi átt stóran þátt í mörgum þeirra ákvarðana og hann verði því að líta í eigin barm í stað þess að skella allri skuldinni á íslenska eigendur liðsins.

Íslendingafélagið West Ham í Lundúnum hefur verið mikið í fréttum í Bretlandi síðustu daga, eftir að knattspyrnustjórinn Alan Curbishley sagði störfum sínum lausum og bar við trúnaðarbresti gagnvart Björgólfi Guðmundssyni, aðaleiganda félagsins, og stjórn þess. Leikmenn hafi verið seldir frá félaginu án hans vitundar og lykilákvarðanir teknar af öðrum en honum.

Ásgeir Friðgeirsson, varaformaður stjórnar West Ham, vísar þeim fullyrðingum á bug. Í samtali við Markaðinn sagði hann aðeins unnið eftir rekstrarlegum ákvörðunum sem teknar hefðu verið á stjórnarfundi í apríl, að Curbishley viðstöddum. Ljóst hefði verið að draga þyrfti úr launakostnaði og vinna í samræmi við fjárhagsáætlun og knattspyrnustjóranum hefði mátt vera það fullljóst.

Joorabchian hefur sagt að rekstrarerfiðleika West Ham megi skrifa á Alan Curbishley og Eggert Magnússon, en sagt er að launakostnaður hjá félaginu hafi farið upp í tæpar fimmtíu milljónir punda á síðasta ári.

Joorabchian hefur sagt að hjá West Ham hafi einfaldlega verið of margir dýrir leikmenn á of háum launum, og sem ekki gátu komið að notum vegna meiðsla. „Fyrst verða menn að losa sig við eitthvað af þessum leikmönnum til að losa um launagreiðslur svo hægt sé að kaupa leikmenn á ný. Mér finnst dapurlegt hvað hefur gerst hjá West Ham á síðasta ári,“ bætti hann við.

Björgólfur Guðmundsson keypti West Ham fyrir tæpum tveimur árum í félagi við Eggert Magnússon og var kaupverð þá sagt um níutíu milljónir punda ásamt yfirtöku skulda. Breskir fjölmiðlar segja að Björgólfur hafi til viðbótar sett inn ríflega þrjátíu milljónir punda í nýtt hlutafé.

Eggert Magnússon lét óvænt af störfum sem formaður West Ham fyrir nokkru og hætti öllum afskiptum af rekstri félagsins. Heimildir Markaðarins herma að ósætti hafi komið upp milli þeirra Björgólfs um rekstrarákvarðanir og stjórnunarstíl. Björgólfur er nú sjálfur formaður, en Ásgeir sinnir daglegum rekstri sem varaformaður. Hann segir reksturinn ganga vel og framtíð félagsins sé björt. Fjárfest hafi verið í góðu starfsfólki og ytri umgjörð, til dæmis með því að stórefla læknisaðstöðu að evrópskri fyrirmynd í því skyni að draga úr meiðslatíðni leikmanna, sem bitnað hefur hart á liðinu.

Leit stendur nú yfir að nýjum knattspyrnustjóra. Nafn króatíska landsliðsþjálfarans Slaven Bilic er þar sagt efst á lista, enda lék hann lengi með enska liðinu og er dáður af stuðningsmönnum þess. Ásgeir segir að ekkert sé ákveðið í þessum efnum enn, hann bíði þess að fá lista í hendur yfir mögulega kandídata í starfið og í kjölfarið verði ákvörðun tekin.

**bih@markadurinn.is**




**DAGSKRÁ:**

**Á sviði:**
Kl. 14:00 Kór félagsstarfs aldraðra
Söngfuglarnir frá Vesturgötu
Kl. 14:15 Dans frá Dansskóla Jóns Péturs og Köru
Kl. 14:30 Söngur frá Frístundaheimilum Kamps
Kl. 14:45 Línudans frá Bólstaðarhlíð
Kl. 15:00 Dans frá Kramhúsinu
Kl. 15:15 Ávaxtakarfan frá Háteigsskóla
Kl. 15:30 Svavar Knútur hverfislistamaður
Kl. 15:45 Hljómsveit frá Félagsmiðstöðinni Kampi
Kl. 16:00 Hátíð lýkur
Kl. 16:00 - 18:00 Frítt í Sundhöll Reykjavíkur fyrir alla fjölskylduna

**Á staðnum:**
„Leikum okkur að veðrinu“
Smiðja fyrir alla fjölskylduna í boði Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða
Kassaklifur í boði Landnema
Veltibíllinn
Lúlli löggubangsi og lögreglan á staðnum
Andlitsmálun í umsjón Hallgrímskirkju og Dómkirkju
Körfuboltaþjálfarar Vals verða með knattþrautir á körfuboltavellinum
ÍTR með ýmsa leiki að hætti ÍTR
Sögubíllinn Æringi
- Sögurnar verða allar sagðir á íslensku, pólsku, rússnesku og spænsku
Borgarbókasafn
verður með kynningu á bókmenntum á erlendum tungumálum
Ljósmyndasýning
frá Umhverfishópi Frístundamiðstöðvarinnar Kamps

**Samtaka í Miðborg og Hlíðum standa að hverfahátíðinni:**
Austurbæjarskóli
Borgarbókasafn
Dansskóli Jóns Péturs og Köru
Dómkirkjan
Félagsmiðstöðin að Bólstaðarhlíð 43
Félagsmiðstöðin að Vesturgötu 7
Frístundamiðstöðin Kampur
Hallgrímskirkja
Háteigskirkja
Háteigsskóli
Hlíðaskóli
Íbúasamtök 3.hverfis
Knattspyrnufélagið Valur
Kramhúsið
Lögreglan
Skátafélagið Landnemar
Sundhöll Reykjavíkur
Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða

Samtaka
í Miðborg og Hlíðum

# Síðasta útsalan í bænum!

## Veiðimaðurinn Hafnarstræti 5 lokar í september

# Útsalan er hafin

**Veiðimaðurinn – Hafnarstræti 5 – 101 Reykjavík**



# ÞAKIÐ Í LAG...



30% AFSLÁTTUR

**D-Glass þakpappi**
214640

isola



25% AFSLÁTTUR

**Rakasperruplast**



**Bárustál**
galvaniserað
230400

**1.390**kr/m
~~1.840~~kr/m

**Bárað Álsink**
230410

**1.390**kr/m
~~1.840~~kr/m

VELUX



40% AFSLÁTTUR

**Þakgluggar**



25% AFSLÁTTUR

**Þakrennur**
213001-961

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl




# FYRIR VETURINN



## Þakull

200 mm
220060
**4.390**
~~5.678~~

180 mm
220060
**4.290**
~~5.575~~



## Þaksaumur

3,7 x 60 mm, heit galvaniseraður, 100 stk í pakka
5542578
**1.499**
~~1.998~~

## Byggingartimbur

22 x 150 mm, 5. flokkur
2100
**159**
~~237~~

## Styrkflokkað sperruefni T1

48 x 198 mm
376100
**563**
~~782~~

48 x 223 mm
376200
**665**
~~923~~

## Loftunarlistar

24 x 24 mm
2600
**39**
~~50~~




viðgerðarsett
7171126
**2.999**
~~3.995~~

# Water Proof

Vatnsþétt skyndiviðgerðarefni

**Til nota á:**
Þök, rennur, rennustein, rör, strompa, þakglugga ofl.

**Loðir við:**
Þakefni, filt, skífur, bárujárn, tjöru, malbik, hart PVC, pólýester, sink, ál, gler, flísar ofl.

-Til notkunar í hvaða veðri sem er
-Sprungulokun (2mm hámark)
-Mjög sveigjanlegur
-Þekur: 1,5 l/m²
-Styrkt með þráðum
-Hægt að bera á blautt yfirborð

**1.999**
~~2.795~~



1 ltr.
7171125



Hreinsið yfirborðið



Strjúkið með rökum svampi



Berið á

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Af aðgerðum og aðgerðaleysi:

# Hvað á að gera?

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Sennilega hefur ádeilan um aðgerðaleysi bitið meir í ríkisstjórnina en flest annað síðustu mánuði. Með því að ríkisstjórnin hefur sannarlega aðhafst sitthvað til þess að bregðast við aðsteðjandi efnahagsvanda er vel skiljanlegt að aðgerðaleysishugtakið hljómi eins og hvellandi bjalla í eyrum forystumanna stjórnarflokkanna.

Vel má þó vera að forsætisráðherrann hafi ljáð hugtakinu vængi þegar hann í kerskni svaraði því til á miðju sumri að vöruskiptahallinn hefði einmitt minnkað af þeim sökum. Hér skiptir máli til hvers aðgerðir eru ætlaðar. Mikilvægast er að ríkisstjórnin reyni ekki að hafast það að sem er ógerlegt eða óráðlegt. Aðgerðaleysi um þá hluti er í almannaþágu.

Það kaupmáttarstig sem þjóðin bjó við fyrir ári var án innistæðu. Það fékkst með lántökum sem endurspegluðust í óhóflegum viðskiptahalla. Gengi krónunnar féll af þeim sökum. Kjaraskerðingin sem gengisfallinu fylgir er óumflýjanleg. Aðgerðir til að fela þá staðreynd gera illt verra. Hvers vegna þá að kalla eftir þeim?

Í efnahagsumræðu síðustu daga hafa ýmsir forystumenn í stjórnmálum átalið aðgerðaleysi leiðtoga stjórnarflokkanna gagnvart þessari staðreynd. Hvað sem um stjórnina má segja er það styrkur hennar fremur en veikleiki þegar öllu er á botninn hvolft að hafa ekki gert tilraun til slíkra aðgerða.

Það eina sem ekki má gerast við núverandi aðstæður er að hjól víxlhækkana kaupgjalds og verðlags fari í gang. Þegar horft er til yfirlýsinga forystumanna verkalýðsfélaganna er það sem þeir hafa ekki sagt ef til vill mikilvægara en hitt sem þeir hafa sagt. Það lýsir ríkum skilningi þeirra og ábyrgð að trekkja ekki víxlhækkunargangverkið upp eða búa til eftirvæntingu þar um.

Í þingumræðunum fyrr í vikunni hafði forsætisráðherrann einn kjark til að segja þessa staðreynd umbúðalaust. Lífskjörin batna á ný með aukinni verðmætasköpun og nýjum stöðugleika. Aðgerðir eiga að snúast um þau markmið. Hluti stjórnarandstöðunnar telur hins vegar að um þá hluti sé stjórnin of athafnasöm. Enginn ágreiningur er síðan um þær aðgerðir ríkisstjórnarinnar að styrkja gjaldeyrisforðann.

Erlenda lánsfjárkreppan hefur á hinn bóginn leitt til þess að viðskiptabankarnir geta ekki veitt nægjanlegu súrefni inn í atvinnulífið með hefðbundinni lánafyrirgreiðslu. Við þeim veruleika eru engin einföld ráð. En framhjá því verður ekki litið að takmarkaðir möguleikar stjórnvalda til aðgerða á því sviði eru sá bráðavandi sem sverfur nú helst að. Eðlilega horfa forystumenn bæði atvinnufyrirtækjanna og launafólksins til ríkisstjórnarinnar um þetta úrlausnarefni. Það verður að leysa án þess að skattgreiðendur taki á sig ábyrgð á þeim sem óvarlegast hafa farið.

Loks á ríkisstjórnin eftir að sýna fjárlögin. Þar er þörf á miklu aðhaldi. Brýnna er að gefa atvinnulífinu svigrúm en opinberum umsvifum. En stærsti vandi stjórnarflokkanna liggur í því að trúverðug rök hafa ekki verið færð að því að unnt sé að tryggja viðunandi fjármálastöðugleika með krónunni.

Niðurstaðan er sú að stjórnin verður ekki með gildum rökum sökuð um aðgerðaleysi. Hún hefur haft bein í nefinu til að hafna stundarvinsældaaðgerðum sem grafa undan langtímamarkmiðum um stöðugleika. En á hinn bóginn hefur hún ekki sýnt allar þær lausnir sem eðlilega er kallað eftir við ríkjandi aðstæður.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

## Auglýsendur athugið!

Yfirburðir Fréttablaðsins umfram bæði Morgunblaðið og 24 stundir eru mjög miklir í nánast öllum aldurshópum. Hvar er þín auglýsing?




Fréttablaðið tryggir þér aðgang að rúmlega 45 þúsund fleiri lesendum en Morgunblaðið og rúmlega 25 þúsund fleiri lesendum en 24 stundir í aldurshópnum 18-49 skv. nýjustu könnun Capacent.




Allt sem þú þarft… …alla daga

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Minnihlutapólitíkin

Engar gjörðir meirihlutans í borgarstjórn Reykjavíkur eru svo smáar eða lítilfjörlegar að Samfylkingin og VG láti þær ekki til sín taka og reyni að gera úr þeim svolítið mál. Nýjast er að efast um að Guðlaugur Sverrisson hafi kjörgengi til þess að sitja sem varamaður Framsóknarflokksins í borgarráði. Hafa Svandís og Dagur aflað álits skrifstofustjóra borgarstjórnar en í því segir að óvissa ríki og að heppilegt sé að skera úr um hana í samþykktum.



### Virðing borgarstjórnar

Yfir þessu kætast þau og segja það ekki til þess fallið að auka virðingu borgarstjórnar að meirihlutinn láti óátalið að varamaðurinn sitji borgarráðsfund þegar efasemdir ríki um kjörgengi hans. Vel má vera að virðing Svandísar og Dags gagnvart borgarstjórn aukist ekki við þetta en hér skal fullyrt að virðing almennings gagnvart borgarpólitíkinni byggist á öðru og meiru.



### Virðing Framsóknar

Á hinn bóginn er líklegt að sú staðreynd að Guðlaugur – sem var í fjórtánda sæti á lista í síðustu kosningum – er varamaður í borgarráði verði ekki til að auka sérstaklega virðingu fólks fyrir Framsóknarflokknum. Vel má vera að hann sé allra manna hæfastur til að vera formaður stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur en furðulegt er að fólki sem var ofar á lista en hann sé ekki treyst til að sitja á varamannabekknum fyrir Óskar oddvita í borgarráðinu.

bjorn@frettabladid.is

## SPOTTIÐ




# Að borða starfsánægju í öll mál

**UMRÆÐAN**

Andrea Róbertsdóttir skrifar um verkfall ljósmæðra



ANDREA RÓBERTSDÓTTIR

Ég var sett í gær, fyrsta í verkfalli. Áhugi minn á verkfalli ljósmæðra litast því af líkamlegu ástandi mínu en ekki síður vegna réttlætiskenndar og bakgrunns í námi. Ég styð kröfur ljósmæðra, sérstaklega þegar stóra myndin er skoðuð. Hvað á ég við? Jú, konur hafa jafnað metin við karla hvað varðar atvinnuþátttöku á Íslandi og hafa heldur betur sótt í sig veðrið er kemur að menntun. Sú spurning á því fyllilega rétt á sér hvers vegna minna er gert úr mannauði kvenna þegar litið er til menntunar, reynslu og þjálfunar? Öll viljum við sömu tækifæri fyrir syni okkar og dætur. Samningsaðilar eiga kannski eftir að eignast börn sem vilja gegna þessu mikilvæga starfi sem starf ljósmæðra er. Viðbrögð ríkisins ættu að vera í takt við það. Mér finnst það gersamlega óskiljanlegt hversu ódýrt vinnuafl ljósmæður eru og skandall að innan svokallaðra kvennastétta megi finna hámenntað útsölustarfsfólk. Allt snýst þetta jú um virði starfa og vaknar því sú spurning hvort ekki sé mikilvægt að endurskilgreina hvað sé gott og flott. Einstaklingar innan mikils metinna stétta verðskulda margir hverjir ofurlaunin, látum það liggja milli hluta, en raunsæ tala þarf að vera í umslagi ljósmæðra. Í máli ljósmæðra má heyra að þær fá mikið út úr starfi sínu í formi gleði og að hún sé ástæða fyrir því að þær hafa ekki sagt skilið við stéttina. Gott og vel, en á einhverju þarf fólk að lifa á og ná endum saman. Ekki er það gert með gleðinni einni saman. Hvað segja ljósmæður? „Ég borgaði reikningana með starfsánægju og í kvöld er gratíneruð gleði í matinn …“

Við ólíkar aðstæður koma börn í heiminn um alla veröld og þess vegna ætti mér að takast þetta. Það er ekki aftur snúið, það er nokkuð ljóst. Undirmönnun og starfsfólk undir miklu álagi er þó nokkuð sem mér finnst lítið spennandi þegar kemur að stóru stundinni og aldrei bjóst ég við að til verkfalls kæmi. Nú er bjúgurinn að ná hámarki, verkfall skollið á og skilaboð samningsaðila misvísandi hvað fæðingarþjónustuna varðar og því erfitt að átta sig almennilega á stöðunni. Ég vona að neyðarþjónustan byggi ekki á listum sem fengnir eru af Þjóðminjasafninu, en þeir eru klárlega úreldir ef þeir taka ekki tillit til deilda eins og Hreiðursins sem er nú lokað. Á meðan það er engin undanþága á Suðurnesjum og Selfossi utan dagvinnutíma verður væntanlega einnig smellt upp færibandi á Landspítalanum. Ég efast ekki um að allir sem þar starfa gera sitt besta miðað við stöðu mála en eru svona aðstæður ekki ávísun á eitthvað skelfilegt? Ég hugsa í hið minnsta að barnshafandi konur verði að vinda sér í fæðinguna af enn meira æðruleysi en ella.

Á ákveðnum tímapunkti hefur ljósmóðir verið mikilvægasta manneskjan í lífi okkar allra. Þess vegna er þetta mál okkar allra. Ljósmæður berjast fyrir að fá laun sín leiðrétt í samræmi við menntun sína og laun sambærilegra stétta hjá ríkinu. Hvar er stjórnarsáttmálinn nú? Og hvenær er rétti tíminn til að standa við loforðin? Endalausar auglýsingar eftir týndum loforðum um jafna stöðu kynjanna eru orðnar rispaðar og þreytandi. Verðleggjum hin svokölluðu kvennastörf upp á nýtt í takt við mikilvægi þeirra.

*Höfundur er félags- og kynjafræðingur, með MS í mannauðsstjórnun og verðandi móðir.*

# Handklæðaofnar

KRÓMAÐIR EÐA HVÍTIR

**HVÍTIR OFNAR Í BOGA**

| | | |
|---|---|---|
| 700x450 mm | 10.900.- | stgr. |
| 700x500mm | 11.900.- | stgr. |
| 800x500mm | 15.900.- | stgr. |
| 800x550mm | 16.900.- | stgr. |
| 970x450mm | 17.900.- | stgr. |
| 1000x500mm | 18.900.- | stgr. |
| 1120x550mm | 19.900.- | stgr. |
| 1200x550mm | 21.900.- | stgr. |
| 1320x500mm | 22.900.- | stgr. |
| 1450x450mm | 23.500.- | stgr. |
| 1450x500mm | 23.900.- | stgr. |
| 1500x550mm | 28.900.- | stgr. |
| 1600x500mm | 31.900.- | stgr. |
| 1760x500mm | 33.900.- | stgr. |

**KRÓMAÐIR OFNAR Í BOGA**

| | | |
|---|---|---|
| 700x450 mm | 17.900.- | stgr. |
| 700x500mm | 18.900.- | stgr. |
| 760x550mm | 19.500.- | stgr. |
| 800x500mm | 23.900.- | stgr. |
| 800x550mm | 24.900.- | stgr. |
| 970x450mm | 25.900.- | stgr. |
| 1000x500mm | 26.900.- | stgr. |
| 1120x550mm | 30.900.- | stgr. |
| 1200x550mm | 34.900.- | stgr. |
| 1320x500mm | 37.900.- | stgr. |
| 1450x500mm | 38.900.- | stgr. |
| 1500x550mm | 42.900.- | stgr. |
| 1600x500mm | 44.900.- | stgr. |
| 1760x500mm | 46.900.- | stgr. |



VERÐ FRÁ 10.900.-

# FRÁBÆR HAUST-TILBOÐ!



*Innifalið í verði:* Innbyggingar WC kassi
- hár eða lár
WC skál með harðri setu
Sturtuspjald / króm eða matt
Affallsrör, beint og bogið
Barki fyrir vatnsinntak
WC kassi fulltengdur,
Festingar uppi og niðri
Viðurkenndir af BS - TÜV - NF

## Innbyggð WC

VERÐ FRÁ 38.900.-



## Blöndunartæki

VERÐ FRÁ 4.900.-



## Baðkör

VERÐ FRÁ 20.900.-




## Handlaugar

VERÐ FRÁ 9.900.-



## Sturtusett

VERÐ FRÁ 3.990.-




## Baðkarshlífar

VERÐ FRÁ 20.900.-




## Sturtuhorn

VERÐ FRÁ 41.900.-

**www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

**Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15** | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra,*

**Eiríks Guðmundssonar**
fyrrverandi mjólkurbílstjóra,
Grænumörk 3, Selfossi.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Kumbaravogs á Stokkseyri fyrir mjög góða umönnun.

**Margrét Benediktsdóttir**
**Ingvar D. Eiríksson** **Eygló Gunnarsdóttir**
**Óli Jörundsson**
**Þorbjörg Henný Eiríksdóttir** **Bjarni Einarsson**
**Sigurður Eiríksson**
**Guðmundur Eiríksson**
**Benedikt Eiríksson** **Helga Haraldsdóttir**
**Guðrún Halldórsdóttir** **Valdimar Valdimarsson**
**afabörn, langafabörn og langalangafabörn.**



†

*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóhanna Friðriksdóttir**
frá Látrum í Aðalvík,

andaðist á Fjórðungssjúkrahúsi Ísafjarðar 1. september.

**Högni Sturluson**
**Mikkalína Pálmadóttir** **Halldór Þórðarson**
**Matthías Pálmason** **Súsanna Sigurðardóttir**
**Guðmundur Pálmason** **Ingibjörg Torfadóttir**
**Jóna Sigurlína Pálmadóttir**
**Elísabet María Pálmadóttir** **Rúnar Guðmundsson**
**Sigurveig Pálmadóttir**
**Ingibjörg Ottósdóttir**



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Sigurður Kjartan Brynjólfsson,**

lést á Landspítalanum 2. september sl. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, fimmtudaginn 11. september kl.13.

**Einar Sigurðsson** **Jarþrúður Guðnadóttir**
**Auður G. Sigurðardóttir** **Frosti Richardsson**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Benný Sigurgeirsdóttir,**
Suðurgötu 67, Akranesi,

sem andaðist á Sjúkrahúsi Akraness, miðvikudaginn 3. september, verður jarðsungin frá Akraneskirkju, þriðjudaginn 9. september kl. 14.

**Bjarni Stefánsson**
**Jóhann Jensson** **Guðlaug Aðalsteinsdóttir**
**Jóna Birna Bjarnadóttir** **Guðmundur Reynir Reynisson**
**Elín Bjarnadóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginkona mín,móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðfinna Ólafsdóttir**
ljósmóðir,
frá Tungu í Fljótshlíð,

verður jarðsungin frá Breiðabólstaðarkirkju laugardaginn 6. september kl. 14.00.

**Oddgeir Guðjónsson**
**Guðlaug Oddgeirsdóttir** **Sigurður Sigurðsson**
**Ólafur Sv. Oddgeirsson** **Fiona MacTavish**
**barnabörn og langömmubörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar,tengdafaðir, afi og langafi,*

**Skjöldur Stefánsson,**
fyrrverandi útibússtjóri,
Sunnubraut 17, Búðardal,

lést á Landsspítala við Hringbraut miðvikudaginn 3. september. Útförin verður gerð í Hjarðarholtskirkju Dölum, kl. 14.00 föstudaginn 12. september 2008.

**Sigríður Kristín Árnadóttir**
**Þórhallur Stefán Skjaldarson**
**Pálína Hrönn Skjaldardóttir** **Hafliði Kristinsson**
**Stefán Skjaldarson** **Ingibjörg Eggertsdóttir**
**Árni Óttarr Skjaldarson** **Guðrún Pálína Sveinsdóttir**
**Skjöldur Orri Skjaldarson** **Carolin A. Baare Schmidt**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Sturluson**
Kársnesbraut 51A,

lést á líknardeild Landakotsspítala þriðjudaginn 2. september. Útför auglýst síðar.

**Jónína Stefánsdóttir**
**Sturla Jónsson**
**Margrét Jónsdóttir** **Stefán Guðmundsson**
**Marín Jónsdóttir** **Friðrik Friðriksson**
**Sigurgeir Jónsson** **Thummee Srichane**
**Sigríður Bjarney Jónsdóttir** **Jóhann Jónasson**
**Þorbjörg Jónsdóttir** **Ingi Rúnar Eðvarðsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



†

**Margrét Möller**
til heimilis á Túngötu 15

andaðist á heimili sínu mánudaginn 1. sept. Jarðarför auglýst síðar.

**Aðstandendur og vinir.**



†

*Elskuleg eiginkona mín,*

**Margrét Guðmundsdóttir**
Lækjartúni 2, Akureyri,

lést sunnudaginn 31. ágúst. Útförin fer fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Minningarsjóð Heimahlynningar á Akureyri.

**Sveinn Árnason.**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Jónsdóttir**
Hraunvangi 7, Hafnarfirði, áður til heimilis að Suðurgötu 61 í Hafnarfirði,

lést þriðjudaginn 2. september. Útför auglýst síðar.

**Vilborg Pálsdóttir** **Þráinn Kristinsson**
**Katrín Pálsdóttir**
**Anna María Pálsdóttir** **Per Landrö**
**Páll Gunnar Pálsson** **Ólína Birgisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

**TÓNLISTARMAÐURINN FREDDIE MERCURY FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1946.**



*„Ég vissi alltaf að ég væri stjarna og nú virðist heimurinn vera orðinn sammála mér."*

***Freddie Mercury var aðalsöngvari og tónskáld bresku hljómsveitarinnar Queen. Hann samdi mörg af frægustu lögum hljómsveitarinnar og má nefna Bohemian Rhapsody, Somebody to Love og We Are the Champions. Lagasmíðar hans byggðu á sterkri laglínu, samhljómi og flókinni hljómsveitarútsetningu. Mercury lést úr alnæmi árið 1991.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**MEÐ TÍKINA SKUTLU** Bríeti er það í blóð borið að finnast sjálfsagt að eyða frítíma sínum við björgunarsveitarstörf.

BJÖRGUNARSVEITIN BLAKKUR:
FAGNAR 40 ÁRA AFMÆLI

## Unnið af heilum hug og hjarta

Björgunarsveitin Blakkur á Patreksfirði fagnar fjörutíu ára afmæli sínu með vígslu á nýju húsnæði og veglegu afmælishaldi í dag og á morgun. Formaðurinn Bríet Arnardóttir segir að byrjað hafi verið að safna fyrir húsinu og endurbyggingu þess fyrir rúmum tíu árum og að gaman sé að geta tekið það í notkun nú þegar sveitin standi á tímamótum. „Við keyptum hluta af húsi sem er kallað Gamli Oddi en þar verður tækjarými og góður salur fyrir sveitina og Slysavarnardeildina Unni," segir Bríet, sem tók við formennsku björgunarsveitarinnar í vor en hefur verið virkur félagi síðastliðin tíu ár.

Vígsluathöfn hússins fer fram klukkan eitt á laugardag og þá verður því gefið heiti. Dagskráin hefst þó í kvöld en þá sýna björgunarsveitir bifreiðar sínar og tækjakost. Á laugardag verða svo björgunarbátar til sýnis við höfnina auk þess sem sýning verður á björgun með fluglínutæki og þyrlu svo dæmi sé tekið, en dagskráin endar á sælkerakvöldi í félagsheimilinu og flugeldasýningu.

Bríet á ekki langt að sækja það að vinna göfuga sjálfboðavinnu en faðir hennar var formaður björgunarsveitarinnar Kóps á Bíldudal og er hún því alin upp við að finnast sjálfsagt að eyða frítíma sínum í björgunarsveitarstörf. „Ég er svo að ala syni mína þrjá og eiginmann upp í sama anda," segir Bríet. Hún segir um sextíu til sjötíu félaga skráða í sveitina en um tólf þeirra séu virkir. „Ef eitthvað stórt og mikið kemur upp á eigum við líka bakland í gömlum félögum sem vita hvað þeir eru að gera."

Bríet segir sveitina aðallega byggjast upp á góðum bíla-, báta- og hundaflokkum. Sveitin æfir reglulega og hundaflokkurinn, sem er skipaður fimm leitarhundum, æfir tvisvar í viku. Þá fer hver björgunarsveitarmaður á nokkur námskeið yfir veturinn í samstarfi við björgunarskóla Landsbjargar. Á þeim er meðal annars farið í fyrstu hjálp, fjallamennsku, leitartækni, fjarskipti, aðkomu að látnum og margt fleira.

Bríet segir björgunarsveitina ávallt standa opna fyrir nýjum félögum en stefnt er að því að endurvekja unglingadeildina á næstunni. Hún segir störf björgunarsveitamanna á Íslandi hafa þá sérstöðu að vera öll unnin í sjálfboðavinnu. „Því miður fer þeim þó fækkandi sem hafa þessa köllun og eru tilbúnir að vinna sjálfboðastörf. Björgunarsveitarmenn eru til reiðu allan ársins hring og er ég í þessu af heilum hug og hreinu hjarta," segir Bríet, sem vinnur líka fullt starf hjá Vesturbyggð. Hún bendir á að í tilefni afmælisins hafi verið sleginn minjapeningur en hann má nálgast með því að senda póst á netfangið magnus@vesturbyggð.is. **vera@frettabladid.is**

**GLJÚFRASTEINN**, fyrrum heimili og vinnustaður Halldórs Laxness, er tilvalinn staður til að heimsækja um helgar. Húsið hefur verið opið almenningi síðan árið 2004 og hefur því verið haldið óbreyttu. Opið er alla daga nema mánudaga frá klukkan 10 til 17.









4ra rétta tilboð

til 25. september

· **Léttreiktur lax** með granateplum og wasabi sósu ·
· **Humarsúpa**, rjómalöguð með grilluðum humarhölum ·
· **Lambahryggur** með lambaskanka og rósmarínsósu ·
· **Banana- og súkkulaðifrauð** með vanillusósu ·

6.490 kr.

Hægt er að panta 4ra rétta seðilinn með sérvöldu víni með hverjum rétti: 9.990 kr.

Aftur á dagskrá!

Banfi kvöldverður

26. september er á ný boðið upp á Banfi kvöldverð í Perlunni, þar sem andi Toscana héraðsins á Ítalíu svífur yfir vötnum. Í boði verður 4ra rétta seðill með eða án víns. Jazztríó Björns Thoroddsen spilar.

Sjá nánar á perlan.is.

Villibráðarhlaðborðið hefst 16. október.

PERLAN

Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is

Hringbrot




„Ég fékk flatkökur með þessu áleggi fyrst í Síld og fiski á Hjarðarhaganum þegar ég var þrettán ára,“ segir Tómas um leið og hann gæðir sér á uppáhalds skyndibitanum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Furðuleg samsetning

**Þótt Tómas Tómasson veitingamaður framleiði safaríka hamborgara á færibandi alla daga er einn skyndibiti sem hann heldur enn meira upp á; góð flatkaka með roastbeef og rækjusalati.**

„Á ég að segja þér hvað er uppáhaldsmaturinn minn númer eitt, tvö og þrjú? Flatkaka með roastbeef og rækjusalati. Einfaldasta uppskrift í heimi. Það er ekkert sem slær það út!“ segir Tómas í Hamborgarabúllu Tómasar hlæjandi þegar hann er spurður hvað honum þyki best að borða.

„Ég fékk flatkökur með þessu áleggi fyrst í Síld og fiski á Hjarðarhaganum þegar ég var þrettán ára. Þar voru þær smurðar eftir hendinni,“ rifjar Tómas upp. „Svo þegar ég fór í Versló sem þá var á Grundarstígnum gat ég keypt mér sams konar skyndibita bæði í Síld og fiski við Bergstaðastræti þar sem Hótel Holt er og í Kjötverslun Tómasar sem var þar sem Kofi Tómasar frænda er núna. Þar fengust sem sagt heilar flatkökur sem voru smurðar á staðnum og lagðar saman eins og hálfmánar með álegginu á milli. Sumum fannst þetta furðuleg samsetning, roastbeef og rækjusalat, þannig að menn þurftu að smakka og sannfærast áður en menn trúðu því að þetta væri gott.“

Spurður hvort hann fái sér flatköku með þessari samsetningu enn í dag þegar hann vill gera vel við sig svarar Tómas: „Ekki eins oft og ég hefði viljað því þetta er ekki eins aðgengilegt og það var. Svo fást heldur ekki eins góðar flatkökur. Þá var til flatkökufyrirtæki í Kópavoginum sem hét Kökugerð Þorkels sem enginn af núverandi flatkökuframleiðendum kemst í hálfkvisti við.“ *gun@frettabladid.is*


[redacted]



Sushi

SÝNISHORN ÚR MATSEÐLI

202. Ferskt Nings Sushi 6 bitar.
203. Ferskt Nings Sushi 10 bitar.
204. Ferskt Nings Sushi 30 bita veislubakki.
205. Ferskt Nings Sushi 50 bita veislubakki.
Ath! Veislubakka þarf að panta með dags fyrirvara.

MSG
LO SALT
TRANS FITA

NINGS

www.nings.is

SUÐURLANDSBRAUT 6 • HLÍÐASMÁRA 12 • STÓRHÖFÐA 17 • SÍMI 588 9899

# MATUR

**GAGNLEGAR UPPLÝSINGAR** um hollustu og næringu, meðhöndlun grænmetis og uppskriftir að næringarríkum réttum er á meðal þess hægt er að lesa sér til um á vefsíðunni www.islenskt.is. Þar er líka sniðugt grænmetisdagatal sem sýnir börnum hvenær ýmsar grænmetistegundir standa til boða.







## Uppfullar af næringu

HNETUR ERU HOLLAR OG SUMIR TELJA AÐ ÞÆR ÆTTU VERA HLUTI AF DAGLEGU MATARÆÐI OKKAR ÞVÍ ÞÆR INNIHALDA MIKIÐ AF PRÓTÍNI OG NÆRINGAREFNUM.



Hnetur eru til dæmis góðar út á salat, í heita rétti, buff eða sem nasl Þó skal varast að borða of mikið af hnetum því í þeim er hátt fituhlutfall. Trefjarnar og fitan í hnetum orsakar tilfinningu um magafylli þannig að ef hnetna er neytt dregur úr svengd.

Nánari upplýsingar má finna á www. heilsubankinn.is

*- mmf*

# Ódýr vín á dýrum belgjum

**Hópur íslenskra vínsafnara hefur stækkað mjög á síðustu árum, en færri vita að hingað koma erlendir safnarar í leit að hagstæðum eðalvínum, enda útsöluverð lægra en í nágrannalöndum.**

„Verðmódel á áfengi hér gerir að verkum að verð á dýrum vínum er hagstæðara á Íslandi í samanburði við nágrannalönd. Áfengisgjald er hár skattur sem leggur háan grunn á útsöluverð og því hefur álagningu verið stillt í hóf,“ segir Skúli Magnússon, sérfræðingur hjá ÁTVR, inntur eftir þeirri staðreynd að til landsins koma vínsafnarar í leit að safnaravínum, eins og Fréttablaðið greindi frá á þriðjudag.

„Vín hefur hækkað umtalsvert á síðustu mánuðum og kannski fer að myndast annað umhverfi, en í okkar verslanir koma útlendingar sem hafa greinilega þekkingu á vínum og sjá að hér leynast fágæt vín sem eru töluvert dýrari í þeirra heimalandi. Rauðvín frá Bordeaux-héraði Frakklands hafa mest söfnunargildi, en þau ásamt vínum frá Búrgúndí eru aðalviðmið annarra vína í hæsta gæðaflokki. Frægustu Chateau-vínin frá Bordeaux halda verðgildi sínu og hafa þótt mjög traust fjárfesting, vaxa tryggilega og skila betri ávöxtun en hlutabréfavísitölur til samanburðar,“ segir Skúli og bætir við að hér séu fleiri farnir að safna vínum.

„Vöxtur í dýrum léttvínum hefur verið talsvert meiri en meðalvöxtur. Við erum með nokkrar tegundir léttvíns sem kosta á milli 20 og 30 þúsund, en þegar léttvín er farið að kosta meira en 10 þúsund krónur þykir það mjög dýrt,“ segir Skúli.



Skúli Magnússon, sérfræðingur hjá ÁTVR, segir að erlendir safnarar sækist eftir að gera kaup á dýrum vínum sem eru ódýrari hér en oft þekkist erlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þess má geta að dýrasta flaskan í ÁTVR er Frapin-koníak á 300 þúsund krónur, í samanburði kostar hún 450 þúsund ytra. „Dýrustu vínin seljast hægar meðal Íslendinga og útlendingar taka þau helst.“

Einar Thoroddsen, læknir og einn þekktasti vínsafnari hér á landi, segir safnara lengi hafa vitað að verð á fínum vínum er mun lægra hér en ytra. „Með aukinni vínþekkingu vita söluaðilar hér betur hvað þeir hafa í höndunum og þannig hefur tekist að smyrja á góðu vínin líka. Þó er enn hægt að gera þrælgóð kaup á söfnunarvínum í ríkinu,“ segir Einar og nefnir frönsk vín frá Búrgúndí og Bordeaux.

„Safnarar sækjast eftir þessum vínum og vilja líka kampavín og púrtvín. Með aukinni samkeppni frá Austurlöndum fjær hefur verð á Bordeaux-vínum rokið upp og þá þarf að vanda sig að kaupa vín sem ekki eru komin í tísku þar.“ Hann bætir við að hópur íslenskra áhugasafnara hafi stækkað með fleira efnafólki og nefnir atriði sem gera vín eftirsótt: „Ljúffengi, þokki og jafnvægi. Sjaldgæfi líka og ef vín er mjög gott er búið að selja það upp áður en það kemst á flöskur. Þegar vissir víngúrúar gefa góða einkunn sjást þau vín ekki meir á markaðnum, nema fyrir augum fjárfesta af góðum efnum.“

*thordis@frettabladid.is*


JUST FOOD TO GO
JUST FISH
JUST CHICKEN
JUST MEAT
LAUGARÁSVEGUR 1 – SÍMI 588 8588











# Þetta verður fjörug og skemmtileg ganga

**Fjöldagöngur verða á tveimur stöðum á landinu á sunnudaginn undir merkjum félagsins Göngum saman. Þær eru til heilsueflingar og fjáröflunar til styrktar grunnrannsóknum á krabbameini í brjóstum.**

Margrét Baldursdóttir tölvunarfræðingur er ein þeirra 22 kvenna sem stofnuðu í fyrrahaust styrktarfélagið Göngum saman sem hefur það að meginmarkmiði að safna fé til íslenskra rannsókna á brjóstakrabbameini. Nú hefur félagið eflst og breiðst út um landið og á sunnudag verður gengið á vegum þess bæði í Elliðaárdalnum og í Kjarnaskógi á Akureyri. Fullorðnir greiða 3.000 króna þátttökugjald.

„Við vonumst til að margir komi með okkur og gangi fyrir góðan málstað,“ segir Margrét. Hún hvetur fólk til að skrá sig á heimasíðu félagsins og þar getur það merkt við að fá kröfu í heimabankann. Aðrir eru beðnir um að taka með sér 3.000 krónur. En hvar verður lagt upp og hvert verður farið?



Margrét er einn frumkvöðla styrktarfélagisins Göngum saman sem safnar fé til íslenskra rannsókna á brjóstakrabbameini. Hún er í bol sem félagið hefur látið framleiða. Slíkir bolir verða seldir við göngurnar á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

„Það verður lagt upp frá Árbæjarkirkju og endað þar líka. Lagt af stað klukkan 10.30. Við bjóðum upp á þrjár vegalengdir; tíu kílómetra, sjö og þrjá. Þetta verður fjörug og skemmtileg ganga. Það verður músík og blöðrur og hressing í boði. Þeir sem fara lengri vegalengdirnar eiga leið framhjá húsakynnum Orkuveitunnar neðst í Elliðaárdalnum og hún ætlar að vera svo elskuleg að opna sínar dyr.“ Margrét segir einnig gengið á Akureyri, í Kjarnaskógi, og lagt upp frá hátíðasvæðinu. „Sú ganga hefst klukkan 11 og boðið upp á þrjár vegalengdir. Vífilfell verður með drykki og ég efast ekki um að þar verði líka mikið fjör.“

Margrét segir mikið að gerast í krabbameinsrannsóknum á Íslandi. „Göngum saman-hópurinn veitti þriggja milljóna króna styrk strax á fyrsta starfsári og við höfum sett okkur það mark að veita fjórar milljónir nú í október. Ég veit að tíu umsóknir bíða nefndarinnar, þannig að féð fer í gott málefni og við leggjum megináherslu á að allt göngugjaldið renni óskipt í styrktarsjóðinn.“

Margrét tekur fram að félagið sé með skipulagðar göngur einu sinni í viku og þær eru auglýstar á heimasíðunni www.gongumsaman.is

*gun@frettabladid.is*


FÖSTUDAGSKVÖLD:
*Rúni Júl leikur fyrir gesti*
*Þórir Baldursson leikur á píanó*
*+ ítalskt hlaðborð*
LAUGARDAGSKVÖLD:
*Vítamín leikur fyrir gesti*
RÁIN
Reykjanesbæ • Hafnargötu 10 • s: 421 4601 • www.rain.is • rain@rain.is



*góðgæti frá Jóa Fel*
Múffur að hætti Jóa Fel
Gulrótarmúffur





Jói Fel
BAKARÍ
Holtagarðar & Smáralind & Kringlan
FABRIKAN



# ÚTSALAN ER HAFIN!

VEIÐIPORTIÐ

**Þegar sumir þurfa að pakka saman og hætta, þá er Veiðiportið að stækka.**
**Við þökkum viðskiptavinum okkar fyrir besta sumarið til þessa.**

JAXON
FISHER'S motion
SHIMANO
CORTLAND

Var HEITT í sumar?

Er ekki kominn tími til að fá sér öndunarvöðlur?

Öndunarvöðlur á 14.990kr !

**Flugustangir** FRÁ 4.900KR
**Öndunarvöðlur – Fisher's motion 6 laga Gore-Tex** 25% AFSLÁTTUR
**Joakims stangir og hjól** 20% AFSLÁTTUR
**Polaroid Gleraugu** FRÁ 890KR
**Öndunarvöðlur m/ stígvélum** FRÁ 14.900KR
**Allir sjó Pilkar** 495 KR
**11. feta slöngubátur - þolir 15 hö mótor - CE vottaður** 99.900KR
**Brass túpur 2 verð** 150 KR / 295 KR
**Silunga púpur 2 verð** 50 KR / 150 KR
**9 feta Kaststangir** FRÁ 1.500 KR
**Scott svs Flugustangir m/ eilífðarábyrgð** FRÁ 14.900 KR
**Fluguhjól** 20% - 50% AFSL.
**Kaststöng** 990 KR
**Klofstígvél** 5.980
**Bikíní** 5.900 KR (B OG C SKÁLAR, 3 LITIR)
**Veiðihjól** FRÁ 1.590 KR

Léttar veitingar í boði harðfiskur & öl

Veiðiportið • Grandagarði 3 • 101 Reykjavík • S: 552 9940




Yamahaa CLP-130 rafmagns píanó til sölu, er mjög vel með farið. Uppl. í s. 864 2440

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Til bygginga

Mótaborð (dokar) 1.675 kr/m, mótabitar 1.185 kr/m, timbur 2x4 205 kr/m, allt verð m/vsk. Kíktu á ulfurinn.is eða s: 840 7273, Halldór

## Verslun




**Stærri limur betri limur**

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| STEP BROTHERS | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| TROPIC THUNDER | kl. 5.40, 8 og 10.15 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 6 og 9 | L |

# List gerir heimilið

Fimmta einkasýning Rakelar S. Steinþórsdóttur, Ævintýri á Ljósanótt, var opnuð á Flughóteli í Keflavík í gær.

„Þetta er rosalega skemmtilegt verkefni og ég er ægilega ánægð með þetta. Ég er að sýna myndir sem ég er búin að vera að mála þetta árið. Það er voða gott að hafa svona Ljósanótt sem dregur þetta allt fram og ýtir á eftir manni að sýna það sem maður er að gera. Ég er alveg í skýjunum yfir þessu,“ segir Rakel.

Segja má að hún sé fastagestur Ljósanætur. „Þetta er þriðja Ljósanóttin sem ég sýni á og ég hef verið áður á Flughótelinu. Í fyrra var ég með þetta heima hjá mér. Ég held vonandi bara áfram í þessu.“



**ABSTRAKT SKREYTILIST** Rakel Steinþórsdóttir opnar sýningu á Ljósanótt.

Rakel notar steinsteypu, húsamálningu og hefðbundna málningu í myndir sínar. „Þær eru algjörlega abstrakt. Mér finnst þetta vera meira litasamsetningar eða svokölluð skreytilist. Þetta er það sem setur endapunktinn á gott herbergi. Það er ómögulegt að hafa ekki eitthvað á veggjunum.“ Hún segir mikið af list skreyta veggina heima hjá sér. „Út um allt, annars væri þetta ekki heimili.“

**- kbs**

# Keflavík dauðans

**Í kvöld verður tónlistarhátíðin „Keflavík dauðans“ haldin á rokkbúllunni Paddys í Keflavík. Helstu rokkbönd Suðurnesja koma fram; Rokkhundarnir í Tommygun Preachers, nýbylgjupönkbandið Æla og Kínafararnir í Hellvari. Einnig spilar hryllingsrokkbandið Klaus og pönkbandið The Pen. Fulltrúi aðkomumanna er rokkbandið Atómstöðin sem datt inn á síðustu stundu. Tónleikarnir eru ekki hluti af Ljósanótt og hefjast klukkan 22. Aðgangur er ókeypis.**



**ÞENUR RADDBÖNDIN** Heiða í Hellvari.

# Sirkus kominn í Smáralind

Sirkus Agora, sem hefur ferðast um landið að undanförnu við góðar undirtektir, er mættur á höfuðborgarvæðið og verður á bílastæðinu við Smáralind næstu daga.

Sirkusinn kemur frá Noregi og hefur verið starfræktur í tuttugu ár. Síðast kom hann hingað til lands fyrir átta árum og vakti þá mikla athygli. „Við höfum unnið stíft í eitt ár við að undirbúa þessar sýningar og höfum fengið góðan stuðning frá norskum yfirvöldum. Meira að segja hefur bærinn okkar í Noregi [Nordfjordeid] látið okkur fá peninga,“ segir skipuleggjandinn, Jørn Kvist. „Við höfum verið á Húsavík, Akureyri, Sauðárkróki, Akranesi og í Reykjanesbæ og fengið algjörlega frábærar viðtökur. Fullt af fólki hefur komið og þetta eru án efa bestu áhorfendur sem við höfum skemmt í mörg ár,“ segir hann. „Það hafa allir verið mjög hjálplegir og við erum þegar farin að skipuleggja að koma hingað á næsta ári.“



**SIRKUS AGORA** Sirkusinn hefur ferðast vítt og breitt um landið að undanförnu við góðar undirtektir. Nú er komið að höfuðborgarsvæðinu að líta dýrðina augum.

Sýningarnar við Smáralind verða tíu talsins og standa yfir í eina viku. Þeir sem vilja sjá trúða, kattliðuga stúlku og ýmsa aðra leika listir sínar í stóru sirkustjaldi eru hvattir til að mæta. Fyrsta sýningin verður í kvöld klukkan 19 og fer miðasalan fram á midi.is.

**- fb**

SparBíó 550kr Föstudag SAMbio.is SAMBÍÓIN



**WALL-E** með íslensku tali
kl. 3.40 í Álfabakka
kl. 3.40 í Kringlunni

**STAR WARS**
kl. 3:40 í Álfabakka
kl. 3.50 í Kringlunni
kl. 6 á Akureyri

**TROPIC THUNDER**
kl. 5.40 í Álfabakka

**KUNG FU PANDA** ísl. tali
kl. 3:40 í Álfabakka

**MAMMA MIA**
kl. 5:50 á Selfossi
kl. 5:50 í Keflavík

ALLTAF 750 kr. í bíó
ef þú borgar með KORTINU
Gildir í öllum kvikmyndahúsum Sambíóanna




Sæktu um á kaupthing.is/kortid

KAUPÞING Hugsum lengra

KORTIÐ

# Vinsælustu
## heimilistækin á frábæru verði

OPIÐ til 20 alla daga

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

**PHILIPS**



**Philips ristavél** HD4816
- 800w
- 2ja sneiða brauðrist
- 7 tímastillingar
- Mylsnubakki
- Litur: Króm

**4.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**exido**



**Exido ristavél** 243003
- 950w
- 2ja sneiða brauðrist
- Grind ofaná fyrir lítil brauð
- Hægt að rista öðrum eða báðum megin
- Alltaf köld viðkomu
- 5 tímastillingar
- Mylsnubakki
- Litur: Stál

**2.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Panasonic**

**6.990kr**
Verð áður 8.990

**Panasonic 1600W** MCE7113
- 1600W ryksuga
- 320W sogkraftur
- 4 filtera kerfi
- 5 metra snúra
- Þyngd 4.1 kg
- Notar PAN-AMC8F96T1000 ryksugupoka



**ide line**



**Ideline heilsugrill** 743179
- 800w
- 6 Hitastillingar
- Safnar fitu og safa í bakka
- Litur: Silfur

**4.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Melissa**



**Melissa samlokugrill** 643096
- 750w
- Samlokugrill fyrir 2 sneiðar
- Litur: Hvítur

**2.490kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**PHILIPS**



**12.990kr**
Verð áður 14.990

**Philips kaffivél** HD5405
- 1300w kaffivél
- Sýður vatnið
- 1l glerkanna fyrir 8-12 bolla
- Dropastoppari
- Litur: Svartur

**PHILIPS**



**4.990kr**
FRÁBÆRT VERÐ

**Philips kaffivél**
HD7448HV
- 1000w kaffivél
- 1,3 lítra
- Dropastoppari
- Litur: Hvít

**PHILIPS**



**Philips vöfflujárn** HD4472
- Vandað 1000w vöfflujárn
- Hægt að stilla hve mikið vöfflurnar bakast
- Sýnir þegar vöfflurnar eru tilbúnar með ljósi

**6.990kr**
Verð áður 7.990

Gildir til 12. september eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## > West Ham svarar Curbishley

Ásgeir Friðgeirsson, aðstoðarstjórnarformaður West Ham, svaraði gagnrýni Alans Curbishley, fyrrverandi knattspyrnustjóra félagsins, á hendur stjórn West Ham í viðtali við BBC Sport í gær. Curbishley sagði starfi sínu lausu í fyrradag og kvaðst hafa verið nauðbeygður til þess vegna trúnaðarbrests stjórnarinnar og að hann hefði ekki fengið að vera með í ráðum í sambandi við leikmannamál félagsins. Ásgeir vísar þeim ásökunum á bug. „Á fundi í apríl var farið yfir framtíðarplön West Ham þar sem var ákveðið að skera þyrfti niður launakostnað og ákveðin upphæð til leikmannakaupa fyrir tímabilið var samþykkt, bæði af stjórninni og Curbishley. Það hefði verið réttmætt hjá honum að gera athugasemdir þá, en það gerði hann ekki,“ segir Ásgeir.



**sport**
sport@frettabladid.is

HANDKNATTLEIKSKAPPINN STURLA ÁSGEIRSSON: VÆNTANLEGA Á FÖRUM TIL DÜSSELDORF

# Sturla bíður eftir tilboði frá Þýskalandi

Silfurdrengurinn Sturla Ásgeirsson kom heim til Íslands í gær frá Þýskalandi þar sem hann hefur verið að æfa með þýska félaginu Düsseldorf en það leikur í næstefstu deild í Þýskalandi. Sturla hefur undanfarin ár leikið með AGF í Danmörku en ákvað að söðla um. Á tímabili leit út fyrir að Sturla væri á leiðinni til Íslands á ný en þá kom Düsseldorf inn í dæmið og nú bendir flest til þess að Sturla leiki þar í vetur.

„Mér leist bara vel á þetta. Þeir voru þess utan mjög jákvæðir í minn garð og sögðust ætla að senda mér tilboð á næstu dögum. Ef það er eitthvað í líkingu við það sem talað var um er ég væntanlega á leiðinni til Þýskalands,“ sagði Sturla við Fréttablaðið í gær en hann var þá nýlentur í Keflavík. Þessi tíðindi eru ekki góð fyrir HK, sem var að vonast eftir því að semja við Breiðhyltinginn.

„Aðstæður þarna úti eru fínar. Kannski ekki alveg eins góðar og í Danmörku enda var allt í hæsta klassa þar,“ sagði Sturla.



Düsseldorf var ekki fjarri því að komast upp í þýsku úrvalsdeildina á síðustu leiktíð. Markmið félagsins er því að gera enn betur í vetur og tryggja sér sæti í deild þeirra bestu. „Liðið hefur svo sem ekkert verið að styrkja sig. Á móti kemur að það er nokkurn veginn sami mannskapur og í fyrra sem var næstum því búinn að tryggja sig upp í úrvalsdeildina. Það verður því vonandi ekkert miðjumoð hjá liðinu heldur bara toppbarátta,“ sagði Sturla, sem mun væntanlega bíða spenntur eftir því að fá tilboðið í hendurnar.

Hann er enn með allt sitt hafurtask í Danmörku enda næsti áfangastaður ekki ákveðinn. Hann mun þó dvelja hér heima hjá foreldrum sínum næstu daga og líkar það vel.

„Það er alveg æðislegt að vera á hótel mömmu. Ekkert sem toppar það,“ sagði Sturla kátur en hann stóð sig vel á sínu fyrsta stórmóti úti í Peking. Var hent út í djúpu laugina í fyrsta leik gegn Rússum og stóð sig með miklum sóma.



**MÁLIN RÆDD** John Carew og landsliðsþjálfarinn Åge Hareide. NORDICPHOTOS/AFP

Lið Norðmanna gegn Íslandi:

## Sókndjarft lið?

**FÓTBOLTI** Ísland mætir Norðmönnum á laugardaginn í fyrsta leik sínum í undankeppni HM í Suður-Afríku 2010.

Samkvæmt fjölmiðlum í Noregi ætlar Åge Hareide að stilla upp sókndjörfu liði þar sem John Carew (Aston Villa) og Thorstein Helstad (Le Mans) verða fremstir en Steffen Iversen (Rosenborg) er síðan fyrir aftan þá.

Þessir þrír kappar hafa saman skorað 49 mörk fyrir Noreg, Carew er með 21 mark í 71 leik, Iversen hefur skorað 19 mörk í 73 leikjum og Helstad er síðan með 9 mörk í 30 leikjum. - óój

# Margrét Lára fyrst í 20 Evrópumörk

**Valur vann stórsigur, 8-1, á velsku meisturunum í Cardiff City í fyrsta leik liðsins í undanriðli Evrópukeppninnar. Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði þrennu í fyrri hálfleik og Dóra María Lárusdóttir skoraði 2 mörk.**

**FÓTBOLTI** Margrét Lára Viðarsdóttir varð fyrsti knattspyrnumaðurinn til þess að skora tuttugu mörk fyrir íslenskt lið í Evrópukeppni þegar hún skoraði þrennu í stórsigri Valskvenna í opnunarleiknum í Evrópuriðli sínum í Sala í Slóvakíu í gær.

Margrét Lára skoraði öll þrjú mörkin sín í fyrri hálfleik en hún lagði auk þess upp tvö mörk fyrir Dóru Maríu Lárusdóttur. Margrét Lára hefur nú skorað 21 mark í Evrópukeppni í aðeins tólf leikjum. Hún hefur enn fremur skorað í öllum sex leikjum sínum í undanriðlinum, samtals tólf mörk.

### Spiluðu rosalega vel

„Þetta var kannski ekki eins mikil mótspyrna og við bjuggumst við en við spiluðum rosalega vel og það var gott að byrja á góðum sigri. Það er frábært að vinna fyrsta leikinn og setja með því pressu á hin liðin í riðlinum,“ segir Margrét Lára.

Hún segir Valsliðið einnig gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að vinna á móti áhrifum hitans sem er mikill í Slóvakíu þessa dagana.

### Gríðarlega heitt

„Það var gríðarlega heitt og það var eitthvað um 30 gráður. Við erum líka að spila þarna á milli ellefu og eitt sem er heitasti tími dagsins. Við látum það ekkert á okkur fá enda höfum við lent áður í því að spila í miklum hita,“ segir Margrét Lára.

Valsliðið lenti í hremmingum á leiðinni út, þær misstu af flugi og stór hluti hópsins endaði á að fá ekki töskurnar fyrr en sólarhring seinna. Margrét Lára var ein af þeim.



**FRÁBÆR BYRJUN** Valskonur unnu stórsigur í fyrsta leik sínum í Evrópukeppninni í ár og Margrét Lára átti þátt í 5 af 8 mörkum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

„Ég var ein af þeim sem fengu töskuna seint. Maður var í fötum af samherjum sínum en við reyndum að fara ekki út í neitt neikvætt heldur halda okkar striki. Það er líka frábært að sjá hvernig þessi hópur er vel samstilltur og lætur ekkert hafa neikvæð áhrif á sig. Þetta slapp fyrir horn,“ sagði Margrét Lára, sem var sem betur fer búin að fá markaskóna sína fyrir leikinn.

### Lék bara í klukkutíma

Margrét Lára lék bara fyrsta klukkutímann í gær enda ekki enn komin í fulla æfingu eftir sumarlanga baráttu við meiðsli.

„Ég er búin að vera í meiðslum og það var gott að fá hvíldina enda eru þetta þrír leikir á stuttum tíma. Vonandi á þessi hvíld eftir að hjálpa mér í framhaldinu,“ sagði Margrét að lokum.

Næsti leikur Vals er á móti heimakonum í Sala á laugardaginn. Líkt og leikurinn í gær fer hann fram klukkan 11, eða klukkan 9 að íslenskum tíma.

ooj@frettabladid.is

**VALUR-CARDIFF 8-1**

1-0 Sjálfsmark (17.), 2-0 Margrét Lára Viðarsdóttir (23.), 3-0 Margrét Lára (27.), 3-1 (35.), 4-1 Dóra María Lárusdóttir (37.), 5-1 Margrét Lára (40.), 6-1 Dóra María (56.), 7-1 Rakel Logadóttir (64.), 8-1 Málfríður Sigurðardóttir (83.).


**Fjarnám ÍSÍ í þjálfaramenntun!**

Hefst 22. sept. nk. og gildir jafnt fyrir allar íþróttagreinar. Tekur 8 vikur og er námskeiðsgjald kr. 24.000.- Skráning fyrir 18. sept. á namskeid@isi.is eða í síma 514-4000. Nánari uppl. í síma 460-1467 og á vidar@isi.is

Sjá einnig á www.isi.is

SPARISJÓÐURINN
Aðal styrktaraðili Reykjanes maraþon

REYKJANESBÆR

REYKJANES MARAÞON

Kort af hlaupaleið er á hlaup.is

6. september
á Ljósanótt í Reykjanesbæ

Skráning er hafin í Lífsstíl s: 420 7001

Flögu tímataka

Hálfmaraþon (ræsing kl. 10:30)
10 km hlaup (ræsing kl. 11:15)
3,5 km skemmtiskokk (ræsing kl. 11:20)
Verðlauna afhending kl. ca. 13:00

HITAVEITA SUÐURNESJA HF

Úrdráttar verðlaun m.a. utanlandsferð fyrir tvo með Icelandair

Nesprýði

ICELANDAIR

Umsjón með hlaupinu hefur LÍFSSTÍLL líkamsræktarstöð (Hótel Keflavík), Vatnsnesvegi 12, 230 Keflavík, upplýsingar í síma 899-0501 (Vikar). Rásmark, búnings- og sturtu aðstaða er við Lífsstíl.


Newcastle missti enn einn knattspyrnustjórann í gær:

# Keegan hætti síðan eftir allt saman

**FÓTBOLTI** Kevin Keegan er hættur sem knattspyrnustjóri Newcastle eftir aðeins átta mánuði í starfi. Þar með hafa tveir stjórar hætt með lið í ensku úrvalsdeildinni þrátt fyrir að aðeins þrjár umferðir séu búnar af tímabilinu. Líkt og með Alan Curbishley hjá West Ham er það slæmt samkomulag við stjórnina sem veldur því að Keegan ákvað að stökkva frá borði.

„Ég hef unnið að því að finna leið fram á við í samskiptum mínum við stjórnina en því miður tókst ekki að finna viðunandi lausn. Það er mín skoðun að knattspyrnustjóri verði að fá frið til þess að stjórna liðinu og að stjórn félags geti ekki þröngvað upp á hann leikmönnum sem hann vill ekki fá,“ sagði Keegan í yfirlýsingu sem hann gaf út í gær.

Hann hafði ekki mætt á æfingu hjá liðinu síðan félagaskiptaglugganum var lokað en Keegan var mjög ósáttur við að félagið var að reyna að selja Joey Barton og Michael Owen. „Ég vonast til þess að Newcastle gangi vel í framtíðinni og ég finn mikið til með leikmönnum, starfsfólki og ekki síst stuðningsmönnunum. Það var bara engin önnur leið möguleg fyrir mig,“ sagði Keegan enn fremur í yfirlýsingu sinni en 200 reiðir stuðningsmenn voru þegar mættir fyrir utan St. James Park þegar fréttir bárust um að hann væri hættur.



**ÓSÁTTUR** Kevin Keegan.

Newcastle hefur haldist illa á stjórum síðan Keegan hætti í fyrra skiptið árið 1997 en þá hafði hann verið stjóri liðsins í fimm ár. Kenny Dalglish, Ruud Gullit, Sir Bobby Robson, Graeme Souness, Glenn Roeder og Sam Allardyce reyndu allir fyrir sér hjá liðinu áður en Keegan sneri aftur. - óój



**STUÐ Á LJÓSANÓTT** Fjögur af bestu liðum landsins spila í Toyota-höllinni um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Þrjú hraðmót um helgina:

## Karfan af stað

**KÖRFUBOLTI** Þrjú hraðmót fara fram í körfuboltanum um helgina. tvö æfingamót fara fram í Reykjanesbæ um helgina í tengslum við hátíðina Ljósanótt og þá fer einnig fram hið árlega hraðmót Vals.

Það eru átta lið (fjögur úrvalsdeildarlið) sem taka þátt í hraðmóti Vals en úrslitaleikurinn er klukkan 16 á sunnudaginn.

Körfuboltafólk í Reykjanesbæ heldur upp á Ljósanótt með körfuboltamótum. Í Toyota-Höllinni verður mót í karlaflokki þar sem Njarðvík, KR og Grindavík taka þátt auk heimamanna. Það verður einnig hraðmót hjá konunum sem fer fram í íþróttahúsi Keilis á Vallarheiði. Þar eru með Grindavík, Keflavík, Haukar, Fjölnir, Valur og KR auk Njarðvíkur. - óój



SPRENGJA
ALLT AÐ 80% AFSLÁTTUR
OPNUNARTÍMAR:
05. SEPT FÖS 09:00 - 19:00
06. SEPT LAU 10:00 - 18:00
AÐEINS 2 DAGAR EFTIR
20.000KR AFSLÁTTUR
ACER ASPIRE 7720G-5A4G64MN
1.83GHz Intel Core 2 Duo, 4GB minni, 640GB harður diskur, DVD±RW skrifari, 17" skjár, 256MB GeForce 9300, Vista Home Premium
119.000
20.000KR AFSLÁTTUR AF VÖLDUM ACER FERÐAVÉLUM
FARTÖLVUTÖSKUR
Töskur í öllum stærðum og gerðum. Ótrúlegt úrval og magnað verð.
VERÐ FRÁ 990
20.000KR AFSLÁTTUR
ACER TRAVELMATE 5720-602G16MI
2.2GHz Intel Core 2 Duo T7500, 2GB minni, 160GB harður diskur, DVD±RW skrifari, 15.4" skjár, Intel GMA X3100 skjakort, Vista Business
109.000
WD Western Digital
320GB PASSPORT 2
Glæsileg 2.5" WD Passport 2 sem kemur tilbúinn til notkunar
14.990
CREATIVE
CREATIVE LIVE VEFMYNDAVÉL
Creative Live Cam Video IM heyrnartól með hljóðnema fylgir
1.290
750GB HARÐUR DISKUR
SAMSUNG
750GB HARÐUR DISKUR
750GB Samsung SATA2 harður diskur með 7200RPM snúningshraða. Þetta er tilboð sem þú mátt ekki missa af!!
10.990
2GB SD PLUS MINNISKORT
2GB SD Plus Ultra II minniskot með USB tengi frá Sandisk
1.490
MSI
MSI GEFORCE NX8400GS
MSI GeForce NX8400GS-TD256EH, 800MHz, DirectX 10 skjákort
3.990
TÖLVULISTINN
TL.IS
www.tolvulistinn.is
REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR
NÓATÚNI 17 S: 414 1700
STRANDGÖTU 9 S: 414 1730
MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735
HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740
AUSTURVEGI 34 S: 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750
HLÍÐASMÁRA 10 S: 414 1760



> **Jake Gyllenhaal**

„Ég vil að fólk muni eftir myndunum sem ég geri, jafnvel þó að þannig myndir skili ekki alltaf hagnaði.“ Gyllenhaal leikur í myndinni Jarhead sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBRÚN BJÖRT SIGFÚSDÓTTIR HEFUR GAMAN AF TONIGHT SHOW Á NÝ

# *Húrra fyrir verkfalli handritshöfunda?*

Oftar en ekki sest ég við imbann til að slökkva á sjálfri mér fyrir svefninn. Ekkert sérstaklega góður siður, ég veit, en ég leyfi mér það samt. Þá kemur það fyrir að góðvinur letingjans, Jay Leno, fær að tolla á skjánum.

Það er eiginlega frekar merkilegt, það virðist engum sama um hann Jay og má oft heyra orð falla á þá leið að hann sé betri eða verri en Conan O'Brien. Hann er hins vegar aldrei borinn saman við The Daily Show með Jon Stewart sem íslenskir dagskrárgerðarmenn hafa ekki séð sér fært að færa þjóðinni, mér og fleirum sem af þættinum vita til mikils ama, enda er Jon með beittari grínistum bandarísks léttsjónvarpsefnis.

En hvað hann Leno varðar, þá virðast hafa orðið þáttaskil í sjónvarpslífi hans þegar handritshöfundar vestra ákváðu að nýta verkfallsréttinn. Allt í einu er orðinn möguleiki á að hlæja að tilbúnum bröndurum í byrjun þáttar og hvað sem er getur gerst í viðtölunum við stjörnurnar. Honum virðist einfaldlega vera meira sama um hvað gerist í þáttunum. Síðan þá hefur verið gaman að vera latur.

Þar spilar auðvitað inn í að Jay hefur engu að tapa, hann er búinn að segjast ætla að hætta og Conan, hvort sem manni líkar betur eða verr, mun koma í hans stað. Hvað Leno gerir að Tonight Show loknum er hins vegar enn á huldu, hvað ég best veit. En eitt er ljóst, honum virðist aftur finnast gaman að lifa. Það smitast svo út til viðmælendanna, sem gantast við Jay um áhuga hans á mæðrum þeirra, tala um dópið Crystal Meth og hlæja að sjálfum sér. Eitthvað sem ekki gerðist áður en Jay uppgötvaði að hann þyrfti ekki handritshöfunda til að vera fyndinn.



**MUNDAR MÆKINN** Jay Leno hefur fundið gleði í lífi sínu að nýju, og jafnvel eigin kímnigáfu. NORDICPHOTOS/GETTY

## EKKI MISSA AF



▶ **18.10** Ljóta Betty (Ugly Betty) SJÓNVARPIÐ



▶ **20.00** Taxi 3 STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.00** Ally McBeal STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50** The Eleventh Hour SKJÁREINN



▶ **22.50** Low Winter Sun - seinni hluti STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.25 Spæjarar** (23:26)

**17.47 Snillingarnir** (47:54)

▶**18.10 Ljóta Betty** (Ugly Betty) (18:23) Bandarísk þáttaröð um venjulega stúlku sem er ráðin aðstoðarkona kvennabósa sem gefur út tískutímarit í New York. (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

**20.10 Fjölskylduklúður 3** (Parent Trap 3) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1989. Þegar þríburarnir Megan, Jessie og Lisa Wyatt koma úr sumarleyfi er pabbi þeirra að fara að giftast snobbhænunni Cassie. Hún ræður innanhússarkitektinn Susan til að breyta heimili þeirra og systrunum þykir Susan álitlegri stjúpa en Cassie. Aðalhlutverk: Hayley Mills og Barry Bostwick.

**21.40 Án landamæra** (Beyond Borders) Bandarísk bíómynd frá 2002. Aðalhlutverk: Clive Owen, Angelina Jolie, Teri Polo og Linus Roache.

**23.50 Tortímandinn 3** (Terminator 3: Rise of the Machines) Bandarísk hasarmynd frá 2003. Aðalhlutverk: Arnold Schwarzenegger, Nick Stahl, Claire Danes og Kristanna Loken. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna. (e)

**01.35 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 The Mupptet's Wizard of Oz**

**10.00 Nanny McPhee**

**12.00 Taxi 3**

**14.00 Steel Magnolias**

**16.00 The Mupptet's Wizard of Oz**

**18.00 Nanny McPhee**

▶**20.00 Taxi 3** Þriðja myndin um Daniel, leigubílstjóra í Marseille, sem aðstoðar lögregluna við að uppræta ýmiss konar glæpastarfsemi.

**22.00 Jarhead** Mynd byggð á samnefndri metsölubók og fylgir eftir ungum landgönguliða í þriðja ættlið, allt frá því hann hefur skólagöngu í herskólanum, þar til hann er sendur í átökin í Írak. Aðalhlutverk: Jake Gyllenhaal.

**00.00 I'll Sleep When I'm Dead**

**02.00 War of the Worlds**

**04.00 Jarhead**

**06.00 Agent Cody Banks 2.**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Sylvester og Tweety, Kalli kanína og félagar og Draugasögur Scooby-Doo.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 La Fea Más Bella** (142:300)

**10.15 Flipping Out** (2:7)

**11.10 60 minutes**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.35 Neighbours**

**13.00 Forboðin fegurð** (31:114)

**13.45 Forboðin fegurð** (32:114)

**14.35 Bestu Strákarnir** (6:50)

**15.05 Friends** (4:24)

**15.30 Friends** (4:23)

**15.55 Galdrastelpurnar** (24:26)

**16.18 Bratz**

**16.43 Nornafélagið**

**17.03 Dexter's Laboratory**

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours**

**18.18 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.17 Veður**

**19.30 The Simpsons** (23:25)

**19.55 Beauty and The Geek** (7:13) Fjórði hópurinn af nördum og fegurðardísum er mættur til leiks í æsilegri keppni um það hvaða par skákar hinum í hinni víðfrægu kænsku og krúttkeppni.

▶**20.40 Ríkið** (3:10)

**21.10 Man About Town** Rómantísk gamanmynd með John Cleese, Ben Affleck og Rebeccu Romijn í aðalhluverkum.

**22.50 Low Winter Sun** (2:2) Frank Agnew er lögreglumaður sem fer alltaf eftir reglunum en eftir að hann kemur upp um ólöglegt ráðabrugg vinnufélaga síns er kærasta hans myrt með köldu blóði. Frank verður hann vitstola af bræði og hefndarþorsta og skipuleggur hinn fullkomna glæp.

**00.05 Wall Street**

**02.05 School Day of the Dead**

**03.35 Man Stroke Woman** (6:6)

**04.05 Swinging** (1:6)

**04.30 Ríkið** (3:10)

**04.55 Beauty and The Geek** (7:13)

**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.55 Formúla 1 2008** Bein útsending frá æfingum liðanna fyrir kappaksturinn í Belgíu.

**11.55 Formúla 1 2008** Bein útsending frá æfingum liðanna fyrir kappaksturinn í Belgíu.

**17.55 PGA Tour 2008 - Hápunktar**

**18.55 Inside the PGA**

**19.20 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi og skyggnst bak við tjöldin.

**19.50 F1. Við rásmarkið** Hitað upp fyrir Formúlu 1 kappaksturinn. Spjallþáttur þar sem fjallað verður um Formúlu 1 á mannlegu nótunum. Sérfræðingar og áhugamenn tjá sig um allt milli himins og jarðar.

**20.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Fréttaþáttur þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

**21.00 Bardaginn mikli** Í þessum þætti eru sýndir gamlar myndir af Mike Tyson en snemma varð ljóst að þar væri afburðaboxari á ferðinni. Í þættinum er sömuleiðis fjallað um bardaga hans við Lennox Lewis en margir álíta að Tyson hafi þá þegar verið útbrunninn bæði líkamlega og andlega.

**21.55 World Series of Poker 2008**

**22.50 Formúla 1 2008** Útsending frá æfingum liðanna fyrir Formúlu 1 kappaksturinn í Belgíu.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik West Ham og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni.

**19.10 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Everton og Portsmouth í ensku úrvalsdeildinni.

**20.50 Premier League World 2008/09** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**21.20 PL Classic Matches** Newcastle - Man Utd, 01/02. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**21.50 PL Classic Matches** Man United - Newcastle, 02/03. Hápunktarnir úr bestu og eftirminnilegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.

**22.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Hull og Wigan í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.45 Vörutorg**

**17.45 Dr. Phil**

**18.30 Rachael Ray**

**19.20 America´s Funniest Home Videos** (e)

**19.45 What I Like About You** (e)

**20.10 Life is Wild** (12:13) Bandarísk unglingasería um stúlku sem flyst með fjölskyldu sinni frá New York til Suður-Afríku. Ástin liggur í loftinu eftir að Katie og Tumelo hætta bæði í sínum samböndum og Jesse hvetur Mbali til að slíta trúlofun sinni.

**21.00 The Biggest Loser** (12:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna. Það er komið að síðustu vikunni í æfingabúðunum og síðustu þrautinni. Síðan kemur í ljós hvaða fjórir komast áfram í úrslitin.

▶**21.50 The Eleventh Hour** (6:13) Dramatísk þáttaröð sem gerist á sjónvarpsstöð og aðalsöguhetjurnar eru fréttamenn og framleiðendur á fréttaskýringaþætti.

**22.40 Criss Angel Mindfreak** (11:17)

**23.05 Swingtown** (e)

**23.55 Sexual Healing** (e)

**00.55 Law & Order. Criminal Intent**

**01.45 The IT Crowd** (e)

**02.10 High School Reunion** (e)

**03.00 America´s Funniest Home Videos** (e)

**03.25 America´s Funniest Home Videos** (e)

**03.50 Jay Leno** (e)

**04.40 Jay Leno** (e)

**05.30 Vörutorg**

**06.30 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Föstudagsþátturinn** Endurtekið á klukkutíma fresti til kl. 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**
**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


# LISTMUNAUPPBOÐ

verður haldið sunnudagskvöldið 7. september, kl. 19, á Hótel Sögu, Súlnasal

Á uppboðinu verður að venju gott úrval verka, meðal annars fjölmörg verk gömlu meistaranna. Boðin verða upp um það bil 130 listaverk.



Jóhannes S. Kjarval



Kristján Davíðsson

Öll verkin eru sýnd í Galleríi Fold við Rauðarárstíg föstudag 10–18, laugardag 11–17 og sunnudag 12–17. Hægt er að skoða uppboðsskrána með myndum á vefslóðinni myndlist.is.

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14, sími 5510400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.40
**Ríkið**



Þættirnir gerast á ótilteknum tíma þar sem allt er kjánalegt; húsgögnin, vinnutækin, klæðaburðurinn, hárgreiðslan og þá sérstaklega starfsfólkið. Í þáttunum er gert grín að samskiptum kynjanna, undarlegu tómstundagamni og vinnustaðarómantíkinni og svo er hið svokallaða vinnustaðagrín allsráðandi. Grínsnillingar Íslands eru hér samankomnir í þessum nýstárlega sketsaþætti: Eggert Þorleifsson, Þorsteinn Bachmann, Friðrik Friðriksson, Halldóra Geirharðsdóttir, Sverrir Þ. Sverrisson, Auðunn Blöndal Kristjánsson, Víkingur Kristjánsson, Elma Lísa Gunnarsdóttir, Vignir Rafn Valþórsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson og Inga María Valdimarsdóttir.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
**Án landamæra (Beyond Borders)**

**SJÓNVARPIÐ KL. 21.40**

Bandarísk bíómynd frá 2002. Sarah Jordan býr í London og er gift breskum auðmanni. Hún kynnist lækninum og hugsjónamanninum Nick Callahan sem hvetur hana til að aðstoða sig við hjálparstarf í Afríku. Það verður úr að hún leggur upp í ævintýralega ferð á slóðir eymdar og ógnar og upplifir þar háska, hjartasorg og ástina sterkar en fyrr.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Óskastundin
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Sagnaslóð
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Tónleikur
**15.03** Smásaga: Faðir og sonur
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Flækingur
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Mánafjöll
**21.10** Brjóstdropar
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Litla flugan
**23.00** Kvöldgestir
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (9:260) Bresk unglingasápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.
**16.30 Hollyoaks** (10:260)
**17.00 Ally McBeal** (11:23)
**17.45 Skins** (1:10)
**18.30 Happy Hour** (5:13)
**19.00 Hollyoaks** (9:260)
**19.30 Hollyoaks** (10:260)
▶**20.00 Ally McBeal** (11:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögfræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar.
**20.45 Skins** (1:10) Önnur þáttaröð þessara geysivinsælu en átakanlegu bresku þátta um hóp unglinga sem reynir að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.
**21.30 Happy Hour** (5:13) Lánið leikur ekki við Henry Beckman. Konan yfirgefur hann, hann missir vinnuna og íbúðina. Hann ákveður að leigja íbúð með Larry, sjálfselskum og raunveruleikafirrtum glaumgosa sem útvegar honum vinnu og reynir að kenna honum að lifa lífinu.
**22.00 Las Vegas** (9:19) Enn fylgjumst við með lífi og störfum öryggisvarða í Montecito-spilavítinu þar sem freistingarnar eru óheyrilega margar fyrir spilafíkla, glæpahyski, fjárglæpamenn og aðrar veikgeðja sálir.
**22.45 Twenty Four 3** (15:24) Jack tekst loks að handsama Michael Amador en Marcus Alvers sleppur með vírusinn og hótar að dreifa honum á stóru hóteli.
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Mér finnst...** Umsjón: Ásdís Olsen og Kolfinna Baldvinsdóttir. Gestir: Hjörtur Howser lífskúnstner, Ellý Ármanns og Sigríður Klingenberg.
**21.00 Hvernig er heilsan?** Umsjón: Guðjón Bergmann. Gestur: Hallgrímur Magnússon læknir.
**21.30 Íslands Safari** Umsjón: Akeem Richard Oppong. Gestir: Arna Schram og Urður Gunnarsdóttir.

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Jersild Live **10.35** Aftenshowet **11.00** Aftenshowet med Vejret **11.25** Med rygsæk **11.50** Rabatten **12.20** Med livet i hænderne **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **13.15** Flight 29 savnes! **13.35** Pigebandet Frank **14.00** Boogie Listen **15.00** Min funky familie **15.30** Det kongelige spektakel **15.45** Den lille prinsesse **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Disney Sjov **18.00** Talent 2008 **19.00** TV Avisen **19.30** The Wedding Singer **21.00** Lorenzo's Oil - miraklernes tid **23.10** Boogie Listen

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Med hjartet på rette staden **11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Niklas' mat **12.35** ,Allo, ,Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** MGP Nordic 2007 **14.00** NRK nyheter **14.10** MGP Nordic 2007 **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Newton **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Fragglene **16.25** En unge til **16.35** Wummi **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Norge rundt **17.55** Melodi Grand Prix junior 2008 **19.45** Detektimen. Taggart **21.20** Kveldsnytt **21.35** Kriseteamet **22.25** Van Morrison. Live i London **23.25** Kulturnytt **23.35** Country jukeboks med chat

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Debatt **10.50** Mitt i naturen **12.10** Veronica Mars **12.55** Logga in! **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Ediths glasslott **14.55** Wallace & Gromit. Magnifika mackapärer **15.00** Disneydags **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Doobidoo **19.00** Skenbart **20.40** Kulturnyheterna **20.55** Fat City - chansernas stad **22.30** Sändningar från SVT24


# Hausttilboð í Bohemia

**Poly Rattan viðhaldsfrí garðhúsgögn**

**nú með 50% afslætti**

| | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| Stóll | 13.950,- | 6.975,- |
| Armstóll | 17.950,- | 8.975,- |
| Legubekkur | 39.500,- | 19.750,- |
| Hringborð 120 cm | 36.900,- | 18.450,- |
| Borð 80x80 cm | 19.900,- | 9.950,- |
| Langborð 210x100 cm | 49.500,- | 24.750,- |
| Hornborð 46x46 | 14.500,- | 7.250,- |

**Deluxe Spas nuddpottur Nú með 20% afslætti**

6 manna - 225x225x100 cm - 5 KW hitari - 68 stútar - Ozone
4 nudddælur - Marglit díóðulýsing - LCD stjórnborð - CD og útvarp
Viðhaldsfrí plastklæðning - Trappa og hitaeinangrandi lok fylgja

Hentar einkar vel íslenskum aðstæðum

**Haier uppþvottavél - hvít**

Orkuflokkur A - Þurrkuhæfni A - Þvottahæfni A - Þyngd 49 KG
Stærð 85x60x60 cm - 4 þvottakerfi - lekavörn - Hljóðstyrkur 52 DB

**Tilboðsverð 33.000,-**

Bjóðum staðgreiðslulán í allt að 36 mánuði - fyrsti gjalddagi í desember





Bohemia - Akralind 4 - 201 Kópavogur
www.bohemia.is - bohemia@bohemia.is
BOHEMIA
Raftæki - Innréttingar - Húsgögn
Afgreiðslutími virka daga 10-18 og laugardaga 11-15

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Það er nú rosa misjafnt hvað ég hlusta á hverju sinni. Ég er búin að vera að hlusta á Buddy Holly upp á síðkastið, uppáhaldslagið mitt er Everyday.“*

Signý Kolbeinsdóttir hönnuður.

# Unnu siglingakeppni án skipstjórans

Áhöfnin á skútunni Aquarius, þar sem Björn Jörundur Friðbjörnsson tónlistarmaður fer alla jafna fremst í flokki sem skipstjóri, bar sigur úr býtum í Reykjavíkurmóti í skútusiglingum á þriðjudaginn. Björn Jörundur, sem á skútuna í félagi við sex aðra siglingakappa, þar á meðal þá Valgeir Magnússon, eða Valla Sport, og Sigurð Hlöðversson, eða Sigga Hlö, var hins vegar fjarri góðu gamni þegar sigurinn varð ljós.

„Hann var í stúdíói að taka upp plötu, og þá vinnum við keppnina,“ segir Valli, sem vill þó ekki ganga svo langt að segja að áhöfnin sigli betur þegar skipstjórinn sé í landi. „Við unnum allavega keppnina þegar hann var ekki með,“ segir hann hlæjandi. „Ég er búinn að heyra í honum og hann er bara kátur fyrir hönd Aquarius og áhafnarinnar, enda er búið að ganga á ýmsu í vor. Það brotnaði hjá okkur mastur í maí og það fór hálft sumarið í að laga það,“ bætir hann við. Reykjavíkurmótaröðin hefur farið fram á þriðjudagskvöldum í sumar og er keppt í svokallaðri forgjafarkeppni. „Þá eru margar stærðir af skútum sem keppa, og mismunandi í lokin hvort tíma er bætt við eða dreginn frá, það fer eftir því hvernig þær eru skráðar. Þetta er sem sagt keppni siglara en ekki skútna, sá vinnur sem er bestur miðað við skútuna sína,“ útskýrir Valli. Á skútunni Aquarius eru aldrei færri en fimm um borð, enda „er svo mikið af spottum á skútunni“, eins og Valli segir, og því ekki gerlegt að vera færri til að allt gangi vel fyrir sig.

Áhöfnin tekur þátt í Ljósanæturmóti í dag og siglir úr Reykjavíkurhöfn klukkan 16.30. Valli segir áhöfnina einsetja sér að vinna það líka. „Þetta er svo góð áhöfn, hún er í fínni stemningu – svona Björssalaus,“ segir hann og hlær. **- sun**




**GÓÐ STEMNING ÁN BJÖRNS** Björn Jörundur var fjarri góðu gamni þegar áhöfnin á Aquarius, skútu hans, sigldi til sigurs í Reykjavíkurmótinu á þriðjudag. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT**
**2.** steypuefni, **6.** kusk, **8.** mjöl, **9.** bókstafur, **11.** gelt, **12.** slagorð, **14.** urga, **16.** pípa, **17.** ennþá, **18.** niður, **20.** tveir eins, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** munnvatn, **3.** óhreinindi, **4.** peningagræðgi, **5.** berja, **7.** ólaglegur, **10.** framkoma, **13.** gerast, **15.** sálar, **16.** egna, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** gifs, **6.** ló, **8.** mél, **9.** eff, **11.** gá, **12.** frasi, **14.** ískra, **16.** æð, **17.** enn, **18.** suð, **20.** dd, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT:** **1.** slef, **3.** im, **4.** fégirnd, **5.** slá, **7.** ófríður, **10.** fas, **13.** ske, **15.** anda, **16.** æsa, **19.** ðð.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Á Ródos.
2. André Bachman.
3. Búddistar.

INGA SÓLVEIG FRIÐJÓNSDÓTTIR: LEGGUR FRAM KÆRU TIL LÖGREGLU

# Óvænt endalok Organs

„Þetta átti náttúrlega ekkert að enda svona,“ segir Inga Sólveig Friðjónsdóttir, fyrrverandi eigandi tónleikastaðarins Organs í Hafnarstræti.

Staðurinn lagði upp laupana í fyrradag eftir rúmlega árs starfsemi. Hljómsveitin Retro Stefson ætlaði þá að halda hlustunarpartí á Organ en varð frá að hverfa eftir að búið var að tæma húsið og setja keðju fyrir hurðina. Var partíið því flutt á skemmtistaðinn Hressó sem er í næsta nágrenni. Inga Sólveig sagði í samtali við Fréttablaðið að eigendur hússins hefðu tæmt staðinn að sér forspurði og hún hefði lagt fram kæru til lögreglunnar vegna þess. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er deilt um greiðslu á leigu og aðrar vanefndir rekstraraðilans. Nokkrir fjölmiðlar greindu frá innbroti á Organ á dögunum þar sem græjur staðarins hurfu. Heimildir Fréttablaðsins herma að sú uppákoma sé angi af þessum sömu deilum. Inga Sóley vill ekki gefa upp hver lokaði staðnum, segir einungis að sá aðili hafi ekki verið í neinum rétti. „Þeir fóru ekki að lögum, það er alveg klárt. Þeir eiga ekkert lausafé þarna inni, það eina sem þeir eiga er naglfast.“

Eins og gefur að skilja var þungt hljóðið í Ingu Sólveigu vegna endaloka Organs. Hún segir reksturinn ekki hafa staðið undir sér þrátt fyrir að stundum hafi tónleikar verið haldnir þar fjórum sinnum í viku. „Svona rekstur er bara rosalega erfiður. Ég hefði betur skoðað þetta aðeins betur áður en ég fór út í þetta því það gefast allir upp á að vera með svona tónleikastað,“ segir hún. „Ég veit ekki hvort það er yfirhöfuð hægt að halda úti svona stað á Íslandi nema með styrkjum.“

Gylfi Blöndal, skemmtanastjóri Organs, er vitaskuld ósáttur við endalokin. „Auðvitað eru þetta skelfileg vonbrigði en þetta var erfiður rekstur. Peningaöflin höfðu yfirhöndina eins og með svo margt annað. Það er ekki hægt að kenna neinum um nema okkur sem vorum ábyrg fyrir þessu,“ segir Gylfi, sem segir óvíst hvað taki við hjá sér í framhaldinu.

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves átti að hluta til að fara fram á Organ um miðjan október. Að sögn Árna Einars Birgissonar hjá Hr. Örlygi vonast þeir til að fá afnot af staðnum þrátt fyrir lokunina. „Við höfum einu sinni lent í þessu áður, þá var það Gaukurinn fyrir þremur árum. Þar lokaði reksturinn en við náðum að opna yfir eina helgi,“ segir hann og vonar það besta.

Íslenskir tónlistaráhugamenn eiga vafalítið eftir að syrgja Organ, sem hefur lagt sitt af mörkum til að efla reykvískt tónlistarlíf undanfarið ár.

**freyr@frettabladid.is**




**LOK, LOK OG LÆS** Tónleikastaðurinn Organ hefur lagt upp laupana eftir rúmlega eins árs starfsemi. Reksturinn stóð ekki undir sér og því fór sem fór. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**INGA SÓLVEIG FRIÐJÓNSDÓTTIR** Inga Sólveig efast um að hægt sé að halda úti tónleikastað á Íslandi nema með styrkjum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Heiða Ólafsdóttir** hefur staðið vaktina í Popplandi Rásar 2 í sumar. Hennar síðasta vakt þar verður á þriðjudaginn, en þá er hún flogin til New York til að halda áfram leiklistarnámi í Circle in the Square Theater School á Manhattan. Heiða les nú Tsjekov og Shakespeare af krafti. Síðasta vetur bjó hún í slömmi á Brooklyn en nú flytur hún á efri hluta Manhattan. Hún sér því fram á bjarta tíma og mun útskrifast næsta vor ef allt gengur samkvæmt áætlun.



Strákarnir á reiðhjólaverkstæði Arnarins eru góðhjartaðir í meira lagi. Þeim er svo umhugað um velferð **Britneyjar Spears** að þeir hafa hleypt af stokkunum söfnunarátakinu „Björgum Britney Spears“. Á verkstæðinu er nú baukur sem viðskiptavinir geta lagt sitt af mörkum til að styðja söngkonuna í raunum hennar. Gengur söfnunin vel og hafa sumir á orði að „loksins sé komin söfnun sem hægt er að samsvara sér almennilega við“.



Algjört Abba-æði geisar nú á Íslandi í kjölfar bíómyndarinnar Mamma Mia. Tónlistin úr myndinni er söluhæsta plata ársins á landinu þetta árið og hefur selst í nærri 7.000 eintökum. Erlendu útgefendurnir hjá Universal urðu fullir grunsemda þegar Eiður Arnarsson og félagar hjá Senu pöntuðu enn eitt upplagið á dögunum. Þegar ekkert bólaði á pöntuninni höfðu Senu-menn samband. Þá kom í ljós að svo sláandi munur þótti á sölu Mamma Mia og næstvinsælustu afurð Universal á Íslandi að yfirmenn fyrirtækisins voru að láta skoða hvort um eitthvert svindl væri að ræða.



**- glh**

ENDURNÝJUN OG VIÐHALD
Löggiltur rafverktaki
Sími:
553 5600
rafsol@rafsol.is
RAFSÓL
Skúlagata 30 • 101 Reykjavík
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Getum bætt við okkur nokkrum verkefnum í skrautsteypu



MYNSTRUN ehf
Sími: 898 7436 • mynstrun@internet.is

# Þreföld sala á áskriftarkortum

Sala á áskriftarkortum í Borgarleikhúsið hefur verið þrefalt meiri á síðustu tveimur vikum en allt árið í fyrra, að sögn leikhússtjórans Magnúsar Geirs Þórðarsonar. „Kortin virka þannig að fólk velur sér hvaða fjórar sýningar sem er af dagskrá vetrarins og á svo frátekið fast sæti á þau verk,“ útskýrir Magnús Geir, en slík kort eru nýbreytni. Áður hafa einhverjar sýningar verið fastar, og ekki hægt að velja um þær allar. „Þessu hefur verið gríðarlega vel tekið og salan hefur aldrei verið meiri. Við erum búin að selja þrisvar sinnum fleiri kort á síðustu tæpu tveimur vikum en fóru á öllu árinu í fyrra,“ segir Magnús, að vonum ánægður með undirtektir.

Hann telur nýbreytnina vera hluta þess sem laði fólk að, þó að verkefnaval leikhússins skipti líka gríðarmiklu máli. „Fyrir utan þessi hefðbundnu kort höfum við svo líka fengið Spron í lið með okkur til að niðurgreiða kort fyrir ungt fólk og námsmenn, sem fá kortin á hálfvirði. Það er mjög stórt skref og opnar leikhúsið fyrir ungu fólki, sem hefur oft verið vandamál áður,“ segir Magnús. „Ég held að það hafi ekki komið til vegna þess að ungt fólk langi ekki í leikhús, heldur hefur efnisvalið kannski ekki höfðað til þess, og kortin líka verið svo dýr,“ segir Magnús, sem fór svipaða leið þegar hann starfaði sem leikhússtjóri hjá Leikfélagi Akureyrar. „Aðsókn ungs fólks margfaldaðist þar, og mér sýnist stefna í svipað hér – það er gríðarleg aukning í kortagestum í yngri kantinum,“ segir hann. **- sun**



**MÆLAST VEL FYRIR** Magnús Geir Þórðarson segir auglýst að ný áskriftarkort Borgarleikhússins mælist vel fyrir, en salan er þrefalt meiri í ár en í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Útsölunni lýkur nú um helgina!

## Opið laugardag 11-16, sunnudag 13 -16.




Mod: Kakan 903 - Tauáklæði brúnt og ljóst.
**3+2** kr.: 198.800,- **Nú kr.: 139.160,-**
3ja sæta: 210 x 95 x 80 sm. / 2ja sæta: 170 x 95 x 80 sm.




Tauáklæði brúnt og ljóst.
Mod: Kakan 993 / **3+2** kr.: 249.800,- **Nú kr.: 174.860,-**
3ja sæta: 225 x 105 x 74 sm. / 2ja sæta: 170 x 105 x 74 sm.




86 x 90 x 76 sm.
Mod: Kakan 103
Snúningsstóll, skinn kr.: 175.000,- **Nú kr.: 122.500,-**

Bjóðum upp á vaxtalaust lán í allt að 12 mán.
Opið virka daga 10-18, laugardaga 11-16.

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

HEIMA HÚSIÐ

mood heima

Öndvegi

FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 512 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

vísir.is
„...ég sá það á vísi"



**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

# Ljósmæður í myrkrinu

Þegar þetta er skrifað hefur enn ekki samist í deilu ljósmæðra og ríkisins, og fátt bendir til að það eigi eftir að breytast á næstu dögum. Ljósmæður byrja á tveimur tveggja daga verkfallslotum áður gripið verður til allsherjarverkfalls í lok mánaðarins. Árni Mathiesen fjármálaráðherra segir að vegna efnahagsþrenginga sé erfitt að hækka laun ríkisstarfsmanna. Hann sagði þó á Alþingi að hann vonaði að samningar tækjust „áður en til verkfalls eða raunverulegrar hörku kæmi“.

**ÉG** klóraði mér dálítið í hausnum þegar ég heyrði þetta síðasta.

**„RAUNVERULEGRAR** hörku.“ Hverju á fjármálaráðherra eiginlega von á? Og hvaða ráðstafanir hefur ríkisstjórnin gert til að bregðast við því? Að vísu verður að hafa í huga að í ljósi mótmælaaðgerða vörubílstjóra fyrr í vor getur Árni ekki leyft sér að útiloka neitt; hver veit nema ljósmæður brúki sömu skæruliðataktík og Sturla Jónsson og félagar; stöðvi umferð, lemji löggur og kasti eggjum?

**ÞÓTT** eggjakast væri reyndar pínulítið viðeigandi í þetta sinn eru reyndar litlar líkur á að það verði raunin eða að Árni og félagar haldi það; viðbrögð ríkisstjórnarinnar hafa hingað til verið frekar tómlætisleg, líkt og að á stjórnarheimilinu skynji menn ekki að margir upplifa verkfall ljósmæðra hreinlega sem áfellisdóm yfir þjóðfélagi sem vill kenna sig við velferð.

**ÓNEITANLEGA** fær maður á tilfinninguna að ríkisstjórninni, að minnsta kosti körlunum í ríkisstjórninni, leiðist þetta mál dálítið, finnist það hálfgert húmbúkk. Við getum tekið sem dæmi að þrír ráðherrar, Össur Skarphéðinsson, Einar K. Guðfinnsson og Björn Bjarnason, halda úti bloggsíðum. Allir blogguðu í gær og fyrradag – Össur um eigin mælsku og olíuleit, Einar um efnahagsaðgerðir og Björn um dópfund og evru. Sem segir svo sem ekki neitt um afstöðu þeirra gagnvart kröfum ljósmæðra, en bendir ekki til að þetta mál brenni neitt sérstaklega á þeim.

**ÞAÐ** er reyndar farið að vera eitt helsta kennimark á ríkisstjórninni sem nú situr við völd; henni virðist brenna sárafátt fyrir brjósti, heldur skákar í skjóli þess að við núverandi aðstæður virðast flestir telja að hún sé illskásti kosturinn. Af hverju tekur hún nú ekki af skarið og sýnir að eitthvað búi þar að baki?



## GÓÐAN DAG!

Í dag er föstudagurinn 5. september, 249. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 6.23 | 13.26 | 20.28 |
| Akureyri | 6.03 | 13.11 | 20.17 |

Heimild: Almanak Háskólans


# VANDAÐUR X-TRAIL Á GÓÐU VERÐI

## VERTU Á NISSAN Í VETUR

Ingvar Helgason og Nissan hafa gert með sér tímamótasamkomulag um stórfellda verðlækkun á nýjum Nissan bifreiðum. Fremur en að lagfæra birgðastöðuna með því að endursenda umframbíla til framleiðanda með tilheyrandi kostnaði, lækkum við verð þeirra tímabundið svo um munar og látum viðskiptavini okkar njóta þess. Komdu og skoðaðu úrvalið á hlaðinu hjá okkur og tryggðu þér nýjan Nissan.

**100% FJÁRMÖGNUN** Á NÝJUM BÍL FRÁ NISSAN MEÐ 50/50 ÍSLENSKRI OG ERLENDRI MYNTKÖRFU

**Nissan X-Trail dísil SE**
Verð: ~~4.610.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **4.090.000 kr.** sjálfskiptur

**Einstaklega sparneytin dísilvél**



**Staðalbúnaður í X-Trail SE**

- 17“ álfelgur
- Hiti í sætum
- Þokuljós
- Krómað grill
- Aðdraganlegt stýri
- Leðurstýri
- 40/20/40 aftursæti
- Hraðastillir (Cruiser Control)
- 6 diska geislaspilari
- Regnskynjari
- ESP-stöðugleikastýring
- Downhill Drive Support (DDC)
- Uphill Start Support (USS)
- Samlitir stuðarar og grill
- Tveggja hæða skott
- 60/40 aftursæti
- Hæðarstillanlegt stýri
- Hæðarstillanlegt ökumannssæti
- Miðjustokkur með kæliboxi
- Fjarlæsing
- Rafstýrðar rúður
- Útvarp og geislaspilari
- Bluetooth
- Útvarps- og símastjórnun í stýri
- Aksturstölva
- Loftræsting (Air Conditioning)
- 6 loftpúðar
- ABS-hemlakerfi með EBD-hemlunardreifingu og BAS-hemlunaraðstoð
- Fjórir glasahaldarar



**Nissan Note Visia**
Verð áður: ~~2.510.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **2.090.000 kr.** sjálfskiptur



**Nissan Qashqai SE**
Verð: **3.890.000 kr.** sjálfskiptur



**Nissan Micra Visia**
Verð: ~~2.190.000~~ kr. sjálfskiptur
Lækkað verð: **1.850.000 kr.** sjálfskiptur

ENNEMM / SÍA / NM35331



## 24 tíma þjónusta alla daga ársins

Þú hefur aðgang að **24 tíma neyðarþjónustu, 365 daga á ári**, í öllum löndum Evrópu á ábyrgðartíma nýja Nissan bílsins þíns. Þú ferð sjálfkrafa í þjónustuna þegar þú eignast Nissan og vegaaðstoðin er þér að kostnaðarlausu. Í henni felst m.a. viðgerð á óvæntri bilun, hvar sem hún á sér stað á merktum vegi, dráttarþjónusta á næsta þjónustuverkstæði ef nauðsyn krefur og lánsbíll eða leigubíll, lestar- eða flugfar, ef bíða þarf eftir varahlut og langt er heim. Sjá nánari skilmála í bæklingnum Nissan vegaaðstoð.

NISSAN

IH
Ingvar Helgason, Reykjavík, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri 2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940
Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808 - Egilsstöðum, Kaupvangi 16, 471 2521